

Ráðhúsið hefur sín leynivopn

• fasteignir • hús
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Stórar hugmyndir í litlu landi

• tekin til fyrirmyndar í útlöndum
SÍÐA 34 ▶



Ferskleiki og gæði íslenskrar matvöru gerir hana að úrvals kosti fyrir heimilin í landinu.

Pitt val skiptir máli
Íslenskir framleiðendur
SI Samtök iðnaðs

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. apríl 2005 – 103. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR


MÁNUDAGUR



BORGINNI STEFNT Mál Ingimundar Kjarval gegn Reykjavíkurborg verður þingfest í héraðsdómi á morgun. Borginni er gefið að sök að hafa sölsað undir sig yfir 5.000 verk Jóhannesar Kjarvals í trássi við erfingja hans. **Sjá síðu 2**

ÁSAKANIR Á VÍXL Japanski utanríkisráðherrann hafði ekki árangur sem erfiði er hann flaug til Peking í gær til að reyna að lægja öldurnar í milliríkjadeilu sem vakið hefur and-japanska múgæsingu víða í Kína. **Sjá síðu 4**

TVÖFÖLDUN ÍBÚÐAVERÐS Fermetravæð á íbúðum í Reykjavík hefur rúmlega tvöfaldast á áratug. Fasteignaverð hefur hækkað um fimm prósent á síðustu fjórum vikum. Ólafur B. Blöndal fasteignasali segir að verðið eigi eftir að hækka enn meira. **Sjá síðu 6**



HVÖSS AUSTANÁTT Í dag en dregur úr vindi með kvöldinu. Rigning á suðausturlandi og hlýtt í veðri. **Sjá síðu 4.**



FRAMTÍÐ FLUGVALLAR Egill Helgason sjónvarpsmaður og Jón Karl Ólafsson forstjóri Ícelandair eru málshefjendur í kappreiðu um framtíð Reykjavíkurlugvallar á fundi hverfis- og ungliðafélaga Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem fram fer í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, klukkan 20.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	22
Leikhús	26	Sjónvarp	28

76%

20-49 ára fólks á svhorninu lesa Fréttablaðið á fimmtudögum.*

Náðu til fólksins sem er að leggja drög að víðtækri neyslu helgarinnar.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ



MESSA SUNGIN Í RÓM Brasílski kardinálinn Geraldo Majella Agnelo flutti messu í kirkju heilags Georgs í Rómaborg í gær, daginn áður en kosning nýs páfa hefist. Kardinálar notuðu daginn að hluta til til að ráðfæra sig við aðstoðarmenn sína áður en þeir mættu í Vatíkanið þar sem þeir verða lokaðir inni, án samskipta við umheiminn, þar til þeir hafa kosið nýjan páfa.

115 kardinálar kaþólsku kirkjunnar setjast í dag á rökstóla um kjör nýs páfa:

Páfakjör hefst

PÁFAGARÐUR. AP Kardinálarinn 115, sem kjósa munu arftaka Jóhannesar Páls II páfa, tindust í gær með persónulegar föggur og hver sína sýn á framtíð kaþólsku kirkjunnar inn á hótelið í Páfagarði, næst Sixtínsku kapellunni, þar sem þeir munu sitja á rökstólum bak við luktur dyr næstu sólarhringana.

Ekkert á að fréttast út fyrir veggja kapellunnar fyrr en hvítur

reykur stígur upp úr þar til gerðum reyk háf sem tákna að kardinálarinn hafi komist að niðurstöðu um það hver þeirra verði nýr leiðtogi hins 1,1 milljarðs manna sem játar kaþólska trú.

Kjörfundur kardinálanna hefst eftir að þeir ganga í dag fylktu liði í rauðum hempum inn í Sixtínsku kapelluna. Á síðustu hundrað árum hefur slíkur páfakjörfundur aldrei staðið lengur en í fimm

daga. Síðast, er Pólverjinn Karol Wojtyla var kjörinn páfi árið 1978, þurfti átta atkvæðagreiðsluferðir á þremur dögum til að niðurstaða næðist.

„Hinn nýi páfi hefur þegar verið valinn af Drottni. Við verðum bara að biðja til að skilja hver hann er,“ tjáði Ennio Antonelli kardináli heimasöfnuði sínum í stólræðu í St. Andrea della Frattetikirkjunni í Róm. ■

Algjör viðsnúningur ráðuneytisins

Bæjarstjórnar spyrna við fótum vegna fyrirætlana um sameiningu heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Ráðherra segir málið í kynningu og telur að þjónusta heilsugæslunnar ætti að batna í kjölfarið.

HEILBRIGÐISMÁL Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar setja sig harðlega upp á móti fyrirætlunum heilbrigðisráðuneytisins um að sameina allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

„Unnið hefur verið eftir þeirri línu að færa eigi þetta verkefni til sveitarfélaganna og í tillögum sem liggja fyrir um breytta verkaskiptingu er þetta eitt af þeim málum sem efst eru á blaði,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar. „Þetta er algjör viðsnúningur hjá ráðuneytinu og við höfum ekki fengið viðhlítandi skýringar á honum.“ Þá segir hann heilsgæsluna vera dæmigert nærþjónustuverkefni þar sem sveitarfélög tengi saman þætti á borð við öldrunarþjónustu og heilsugæslu.

Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri Garðabæjar, fundaði í síðustu viku með heilbrigðisráðherra og ítrekaði fyrri mótmæli bæjarstjórnar vegna málsins. „Svo samþykkti líka stórn Samtaka sveitar-

félaga á höfuðborgarsvæðinu að andmæla þessu og leggja áherslu á að næstu skref yrðu frekar að færa heilsugæslustöðvarnar frá ríki til sveitarfélaga,“ segir hún og telur



RÁÐHERRA OG BÆJARSTJÓRNAR Bæjarstjórnarmir í Garðabæ og Hafnarfirði eru ósáttir við áform heilbrigðisráðherra.

misráðið að auka samþjöppun og miðstýringu í rekstri heilsugæslustöðvanna. „Frekar væri að færa grunnþjónustuna nær íbúunum, annað hvort með því að færa reksturinn til sveitarfélaganna, eða starfsmanna stöðvanna þar sem þeir hafa áhuga á.“

Málið er þó alfarið í höndum ráðuneytisins. „Sveitarfélögin eiga

ekki lengur fulltrúa í stjórnnum þessara stofnana því þær voru fyrir nokkrum árum lagðar niður,“ segir Lúðvík, en ítrekar að sveitarfélögin sætti sig ekki við málalíbúnað ráðuneytisins. Ásdís Halla segist biðja viðbragða ráðherra eftir fundinn í síðustu viku.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir áfram verða unnið að skoðun sameiningar heilsugæslunnar og fyrirætlunir kynntar fyrir starfsfólki. Hann segir að ekki ætti að verða breyting á þjónustu heilsugæslustöðvanna. „Þarna er bara um að ræða hagræðingu á yfirstjórn og ekki ætlunin að breyta eðli heilsugæslunnar. Meiningin er bara að til verði sterkari einingar sem farið geti sameiginlega í stærri verkefni“ segir hann og telur að þjónusta heilsugæslunnar ætti í kjölfarið að batna frekar en hitt. Hann áréttar þó að enn sé verið að skiptast á skoðunum um málið og ráðuneytið sé að skýra sín sjónarmið í því fyrir sveitarfélögunum. -oka

Lögreglan á Blönduósi: Yfir fimmtíu öku of hratt

LÖGREGLUMÁL Mikil umferð var um Blönduós um helgina og hafði lögreglan á svæðinu varla undan við að stoppa ökumenn fyrir hraðakstur. „Fólk verður að fara að gera sér grein fyrir því á hvaða svæði það er að keyra,“ segir Vilhjálmur Stefánsson, lögreglumaður á Blönduósi. „Það er að keyra á besta hraðahindrunarsvæði landsins.“

Milli 50 og 60 ökumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur um helgina.

Vilhjálmur segir ennfremur að lögreglan sé með mjög meðvituðum hætti að reyna að berjja niður hraðann. „Þetta gengur mjög hægt en með því að lækka hraðann þá erum við að fækka slysum.“ -fgg

Hörð samkeppni: Spurningalið keypt í skóla

SKÓLAR Framhaldsskólarnir keppa um hylli greindustu grunnskólánemendanna. Á heimasíðu pilts úr sigurliði Hagaskóla í spurningakeppni grunnskólanna segir að piltar tengdir spurningaliði Verzlunarskóla Íslands hafi boðið þeim í h e i m s ó k n . „Þeir eru mjög metnaðarfullir í Gettu betur og gera allt til að fá okkur í Versló. Þeir buðu okkur gull og græna skóga. Má nefna skólagjalda- og einingaafslátt.“



ÞORVARÐUR Ókunnugt um boðið en til greina kemur að veita efnilegum nemum afslátt.

Þorvarður Elíasson, skólastjóri Verzlunarskólans, kannast ekki við málið en segir það vel geta staðist. Fordæmi eru fyrir því að skólinn felli niður skólagjöld efnilegra nemenda og berist beiðni um slíkt verður það skoðað. -shg

VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000



SPURNING DAGSINS

Ísleifur, ertu klámhundur?

Nei, ég hef aldrei komið nálægt neinu sem tengist klámi. Ég hef hins vegar gaman af öggrandi myndum og því þegar leikstjórar reyna að gera eitthvað frumlegt

Kvikmyndaskoðun Íslands varaði IIFF 2005 Kvikmyndahátíðina við að myndin 9 songs varðaði 210. grein hegningarlaga sem tekur til banns á dreifingu og sýningu á klámi. Ísleifur B. Þórhalls-son framkvæmdarstjóri hátíðarinnar segir myndina ekki vera klám.

Mannréttindadómstóll:

Óskar eftir skýringum

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu hefur farið þess á leit við íslenska ríkið að það skili greinargerð um mál karlmanns sem var dæmdur fyrir að verða barni að bana með því að hrista það. Maðurinn var dæmdur til fangelsisvistar eftir að barn sem hann og kona hans höfðu í umsjá sinni lést. „Niútiú prósent af málum sem koma til kasta Mannréttindadómstólsins ná ekki svona langt,“ segir Sveinn Andri Sveinsson lögmaður mannsins sem fær síðan tækifæri til þess að svara greinargerð íslenska ríkisins. „Dómstóllinn sá að það var sáttaleið möguleg í málinu, auk þess sem hann sendi fyrirspurn varðandi nokkra þætti málsins.“ - fgg



SVEINN ANDRI SVEINSSON
Verjandi manns sem var dæmdur fyrir að verða barni að bana.

STJÓRNMÁL

FJÖLGÆÐI UM 7.000 Félögum í Samfylkingunni hefur fjölgað um sjö þúsund manns eða svo frá áramótum. 19.971 er nú á félagaskrá og hafa allir atkvæðisrétt í formannskosningu. Kjörseðlar fara í vinnslu og prentun í dag og verða sendir til félagsmanna á föstudag.

LÖGREGLUFRETTIR

RÓLEGIR ÍSFIRÐINGAR Rólegt var hjá lögreglunni á Ísafirði. Einn ökumaður var þó stöðvaður og beðinn um að hætta akstri en áfengismagnid reyndist ekki vera nóg til þess að hann teldist ölvaður. Skemmtanahald í bænum var með rólegri móti og þurfti lögreglan ekki að hafa afskipti af því.

Átök sjía og súnnía í Írak:

Áhlaup til frelsunar gísla

ÍRAK. AP Íraskar öryggissveitir, studdar af bandarískum hermönnum, umkringdu í gær bæinn Madain suður af Bagdad, þar sem að sögn yfirvalda voru gerð áhlaup til að frelsa um fimmtán fjölskyldur sjíamúslíma sem var haldið í gíslingu af herskám súnní-múslímum.

Óttast var um aðdrif fleiri fjölskyldna í bænum og talsmenn Íraksstjórnar sögðu hugsanlegt að efnt yrði fyrir vikulokin til sameiginlegrar allsherjarárásar íraskra og bandarískra hermanna til að uppræta hina herskáu.

Á þingfundi í Bagdad hvöttu þingmenn til þess að gerð yrði gangskör að því að kveða niður upp-



reisnina á kjarnasvæði súnnía í Mið-Írak, en á því svæði var stuðningur við stjórn Saddams Husseins á sínum tíma mestur.

Nýskipaður forsætisráðherra, sjötti Ibrahim al-Jaafari, er nú að reyna að fá fulltrúa súnnía til að taka sæti í ríkisstjórn hans og því koma þessi átök trúarhópanna sér illa fyrir viðleitni hans til að mynda sannkallaða þjóðstjórn, skipaða fulltrúum allra helstu íbúahópa landsins. ■

HANDTAKA Íraskir hermenn handtaka mann í útjafi bæjarins Madain suður af Bagdad í gær. Herskár súnniar héldu þar sjía-fjölskyldum í gíslingu.

Kaupin á Símanum:

Einkahluta-félag stofnað

VIÐSKIPTI Í dag hyggst fjárfestahópurinn sem áformar að taka þátt í kaupum á Símanum stofna einkahlutafélag utan um verkefnið. Verður félaginu gefið nafnið Almenningsur ehf. „Það verður byrjað á því að ákveða að auka hlutfélagið ótilgreint eftir því hvað margir skrifa sig fyrir því. Það þarf hins vegar að gera með formlegum hætti og það er flókið ferli sem við erum þó byrjuð á,“ segir Orri Vigfússon, einn forsvarsmanna hópsins.

Orri áætlað að borist hafi á sjöunda þúsund tilkynningar um þátttöku og loforð um 10-12 milljarða.

-shg



INGIMUNDUR KJARVAL Ingimundur vill að borgin skili listaverkum og munum sem fluttir voru úr vinnustofu afa hans á sínum tíma. Verkið á myndinni er ekki eftir Kjarval heldur Temmu Bell, eiginkonu Ingimundar.

Stefnir borginni fyrir dómstóla

Mál Ingimundar Kjarval gegn Reykjavíkurborg verður þingfest í héraðsdómi á morgun. Borginni er gefið að sök að hafa sölsað undir sig yfir 5.000 verk Jóhannesar Kjarval í trássi við erfingja hans.

DÓMSMÁL Barnabarn Jóhannesar Kjarvals ásakar borgaryfirvöld um að halda þúsundum listaverka meistarans ólöglega í vörslu sinni. Dómsmál hans gegn Reykjavíkurborg verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á morgun.

Forsaga málsins er sú að skömmu áður en Kjarval veiktist og var fluttur á sjúkrahús árið 1968 var vinnustofa hans við Sigtún tæmd og rúmlega 5.000 listaverk og 1.100 bækur úr hans eigu fluttar á Korpúlfsstaði. Þar voru munirnir geymdir í sautján ár en síðan voru þeir færðir í hirslur Kjarvalsstaða þar sem þeir eru enn.

Ingimundur Kjarval, barnabarn Jóhannesar, hefur undanfarið ár reynt að endurheimta muni afa síns, því hann telur verulegan vafa leika

á að málarinn hafi í raun gefið borginni þá. Síðustu fimm árin hefur hann skrifað til embættismanna í borgarkerfinu en fá svör fengið og því hefur hann höfðað mál gegn Reykjavíkurborg. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á morgun.

Ingimundur segir að með dómsmálinu verði hægt að eyða þeim vafa sem ríkir um eignarhaldið á verkunum. „Fjölskyldan á þetta ekki þinullitíð og borgin ekki þinullitíð. Annað hvort á Reykjavíkurborg þetta eða fjölskyldan. Afi skrifaði aldrei undir neitt, það er ekki til nein gjafayfirlýsing og engin yfirlýsing er til frá Reykjavíkurborg um að hún hafi þegið nokkuð að gjöf,“ segir hann. Úrskurði dómarnir Ingimundi í vil vill hann að

verkunum verði skilað aftur til erfingja Kjarvals.

Ingimundur segir að misræmi sé á milli tveggja skráa yfir verkin sem gerðar voru 1968 og 1985. Svo virðist sem helmingur bókkanna sé glataður og einhver málverkanna líka.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri vildi lítið tjá sig um málið þegar haft var við hana samband í gær.

„Ég hef fengið bréf frá Ingimundi í gegnum árin og kynnt mér málið en ég held að það sé þess eðlis að það verði að reka það fyrir dómstólum. Það er mismunandi túlkun á því hvað þarna fór fram á sínum tíma og þannig er fjölskylda Kjarvals ekki samstíga í málinu.“

svainng@frettabladid.is

Stjórnvöld í Zimbabwe:

Minnast 25 ára afmælis

ZIMBABWE. AP Stjórnvöld í Zimbabwe minnst þess í dag að 25 ár eru liðin síðan landið öðlaðist sjálfstæði frá Bretlandi. Mikil athöfn verður haldin á Rufaro-fótboltaleikvanginum þar sem lýst var yfir sjálfstæði þjóðarinnar árið 1980.

Stjórnarandstaðan í Zimbabwe segir að engar framfarir hafi orðið í landinu síðan það öðlaðist sjálfstæði og það sé í raun verr statt núna. Hvatti hún 15 milljónir íbúa landsins til að rísa upp gegn forsetanum Robert Mugabe. ■



ROBERT MUGABE
Forseti Zimbabwe heldur upp á 25 ára sjálfstæðisafmæli Zimbabwe í dag.

LÖGREGLUFRETTIR

SINUULDUR Í LITLA SKÓGI Eldur kviknaði í sinu í Litla Skógi á Sauðárkróki. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og töluverð vinna hefur verið lögð í gróðursetningu þar. Tveir ungir piltar voru að leika sér með eld og misstu stjórn á aðstæðunum. Slökkviliðið var kallað út og náði fljótt tökum á eldinum en mesta mildi þótti að ekki varð tjón á trjágróðrinum.

RÚSSLAND

BERA ÁBYRGÐ Á SPRENGJUÁRÁS Lítt þekkt íslömsk öfgasamtök, Shariat, hafa lýst ábyrgð á hendur sér vegna sprengjuárásar sem var gerð á skrifstofu saksóknara í Dagestan-héraði í suðurhluta Rússlands á föstudag. Sex særðust í árásinni.

Aukin samkeppni á fjarskiptamarkaði:

Fríar hringingar í heimasíma

FJARSKIPTI Og Vodafone hefur hrundið af stað nýrri þjónustu sem nefnist Og1, sem fyrirtækið segir lækka simakostnað heimila.

„Við viljum vekja athygli á því að það borgar sig að hafa allt á einum stað,“ segir Sverrir Hreiðarson, markaðsstjóri Og Vodafone. „Við gerum okkur grein fyrir því að við verðum að vera stórtæk ef við ætlum að ná að höggva í yfirburðastöðu Símans á markaðnum. Þetta hefur farið gríðarlega vel af stað og það er greinilegt að fólk hefur beðið eftir einhverju í þessa átt.“

Til að eiga kost á skráningu í Og1 þurfa heimili að hafa alla sína þjónustu hjá Og Vodafone; GSM, heimasíma og internet. Á meðal þess sem viðskiptavinir fá eru gjaldfrjáls mínútgjöld vegna samtala úr GSM í heimilissíma og 500 gjaldfrjálsar mínútur milli



OG VODAFONE Fjarskiptafyrirtækið býður upp á nýja þjónustu sem nefnist Og1.

allra heimasíma landsins.

Að sögn Evu Magnúsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans, á eftir að ákveða hvernig brugðist verður við þessari þjónustu. „Það er verið að skoða málin hjá okkur. Það er algjör óþarfi fyrir okkar

viðskiptavini að hlaupa af stað. Við gerum okkar besta til að koma til móts við okkar viðskiptavini,“ segir hún.

Og Vodafone á 365 prentmiðla sem rekur meðal annars Fréttablaðið.

-fb

SCHWINN USA

EVEREST

Frontier FS AL Sport
Vandað 26" Álstall
Dömu og herra stell
21 gíra - m/dempurum
Verð 26.995.- stgr.

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi,
á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú
tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir
í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



„Ég vil geta leyft mér
skemmtilega og óvænta hluti.
Þess vegna spara ég reglulega.“



GENGIÐ
GENGI GJALDMÍÐLA 17.4.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,89	63,19
Sterlingspund GBP	118,45	119,03
Evra EUR	80,72	81,18
Dönsk króna DKK	10,83	10,89
Norsk króna NOK	9,80	9,86
Sænsk króna SEK	8,79	8,85
Japanskt jen JPY	0,58	0,58
SDR XDR	94,49	95,05

Gengisvísitala krónunnar
111,47 -0,30%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Mikill erill hjá lögreglu aðfaranótt sunnudags:
Fjórar líkamsárásir í Reykjavík

LÖGREGLUMÁL Óvenju mikill erill var hjá lögreglu í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Dyravörður var sleginn við skemmtistaðinn Kringlukrána. Þá voru slagmál við skemmtistaðinn Broadway og var einn fluttur á slysadeild í kjölfarið. Þá var einn fluttur á slysadeild eftir árás tveggja eða þriggja manna á Hverfisgötunni en árásmennirnir voru ófundnir. Þá fannst maður meðvitundarlitil í Austurstræti eftir árás og var hann fluttur á slysadeild. Árásmennirnir eru einnig ófundnir.

Þá ætlaði lögreglan að stöðva bíl ungs manns á Kringlumýra-



brautinni en hann sinnti ekki beiðni lögreglu. Hófst þá eftir vestur eftir Laugavegi og lauk henni á Miðtúni þar sem lögreglu tókst loks að stöðva manninn. Hann reyndist vera réttindalaus.

Einir fimm gistu fangaklefa lögreglu um nóttina.

- fgg

ERILSAMT HJÁ LÖGREGLUNNI Í REYKJAVÍK Fimm gistu fangagæmslur lögreglu og fjórar líkamsárásir voru gerðar í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Myndin er frá menningarnóttinni í fyrra

NORÐURLÖND

FLEIRI LÍKHLUTAR FUNDNIR Lík, innpakkað í plast, og lærleggur úr manni hafa fundist í Svíþjóð á síðustu dögum. Þar með hafa fundist þrjú óþekkt lík í Svíþjóð á fáeinum vikum. Að því er fram kemur á fréttavef Politiken getur lögreglan ekki slegið neinu föstu um það hvort hér sé um verk raðmorðinga að ræða.

KREFJAST AFSÖKUNARBEIÐNI Afkomendur gyðinga, sem komu sem flóttamenn til Danmerkur voru sendir til Þýskalands á stríðsárunum og dóu í Helförinni, hafa farið fram á formlega afsökunarbeiðni af hálfu núverandi ríkisstjórnar. Sagnfræðirannsóknir hafa leitt í ljós að minnst níttján gyðingum var á sínum tíma vísað frá Danmörku til Þýskalands.



„SOVÉSK“ KOSNING Fulltrúar á stofnþingi nýja flokksins greiða Haider atkvæði í formannskjöriinu í gær.

Jörg Haider:
Kjörinn einróma

AUSTURRÍKI, AP Jörg Haider var í gær kjörinn formaður nýs stjórnmálaflokks sem vill vera meiri miðjuflokkur en Frelsisflokkurinn, sem Haider fór lengi fyrir en hann yfirgaf í byrjun mánaðarinnar.

Allir 564 stofnþingsfulltrúar hins nýja flokks, Bandalags um framtíð Austurríkis, kusu Haider.

Allir þeir sem sátu í ráðherraembættum fyrir Frelsisflokkinn fylgdu Haider yfir í nýja flokkinn. Klofningur Frelsisflokksins hefur orðið stjórnarandstöðunni tilefni til að krefjast nýrra kosninga, en stjórnin stóðst tillögu um vantraust.

Landsvirkjun:
Virkjað í Albaníu

VIRKJANAMÁL Landsvirkjun áformar að reisa 70 megavatta vatnsaflsvirkjun í Albaníu. Samningsdrög við þarlend stjórnvöld liggja fyrir en albanska þingið á eftir að samþykkja framkvæmdina. Framkvæmdirnar munu taka um þrjú ár og er kostnaður við þær áætlaður 8-9 milljarðar króna.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, býst við að fleiri aðilar muni koma að verkefninu, innlendir og erlendir.

-shg

Ráðamenn ásaka hvorir aðra á víxl

Japanski utanríkisráðherra hafði ekki árangur sem erfiði er hann flaug til Peking í gær til að reyna að lægja öldurnar í milliríkjadeilu sem vakið hefur and-japanska mógæsinguna víða í Kína.

KÍNA, AP Kínverski utanríkisráðherra Li Zhaoxing tjáði japönskum starfsbróður sínum í gær að kínversk stjórnvöld hefðu ekkert að biðjast afsökunar á, en japanskir ráðamenn hafa farið fram á að kínversk stjórnvöld biðji Japana afsökunar á and-japanskri mógæsingunni í Kína sem leitt hefur meðal annars til þess að rúður voru brotnar í japanska sendiráðinu í Peking. Zhaoxing sakaði aftur á móti Japanstjórn um að troða Kínverjum um tær með því hvernig hún umgangist sögurituun um það sem Japanar afhöfust í síðari heimsstyrjöld.



AND-JAPANSKUR MÓGÆSINGUR Mótmælendur í suður-kínversku borginni Shenzen hrópa and-japönsk vígorð nærri japanskri stórverslun í borginni í gær.

Kínversk stjórnvöld heimildu ný fjöldamótmæli í að minnsta kosti sex borgum nú um helgina, en mótmælunum er beint gegn viðleitni Japana til að fá varanlegt sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og gegn því sem Kínverjar álíta vera tilraunir Japana til að loka augunum fyrir stríðsgrimdarverkum þeirra á fjórða og fimmta áratugi tuttugustu aldar.

Utanríkisráðherra Japans, Nobutaka Machimura, flaug til Peking í gær til að freista þess að jafna öldurnar í þessari alvarlegustu milliríkjadeilu asísku stórþjóðanna í áratugi. Machimura sagði það „mjög óheppilegt“ að Kínastjórn skyldi ekki vera reiðubúin að biðjast afsökunar á hinum and-japanska mógæsingi. Á laugardag afhöfist lögregla í Sjanghæ lítill er mótmælendur brutu rúður

í japönsku ræðisskrifstofunni, gengu berserksgang á japönskum veitingastöðum og skemmdu bíla. „Svona uppakomur hjálpa ekki hið minnsta til að bæta samskipti landanna tveggja,“ sagði Hatsuhisa Takashima, talsmaður japanska utanríkisráðuneytisins.

Óvild í garð Japana hefur verið kraumandi í Kína að undanförunu vegna umdeilda japanskra sögukennslubóka, borunar eftir gasi á svæði í Austur-Kínahafi sem bæði lönd telja tilheyrja sinni efnahagslögsögu, og öryggisráðsumsóknar Japana. Eldri ágreiningsefni eins og tengslin við Taívan liggja þar einnig undir niðri. ■

Fjölmiðlar:
Styttist í nýtt blað

ÚTGÁFA Undirbúningur að stofnun nýs blaðs er langt kominn og viðbúið að áform væntanlega útfænda verði kynnt innan skamms.

Að undanförunu hefur verið unnið að ráðningu starfsmanna og hefur meðal annars verið gengið frá ráðningu markaðsdeildar þar sem flestir hafa reynslu af sölu auglýsinga í ljósvakamiðla.

Karl Garðarsson, fyrrverandi fréttastjóri Stöðvar 2, sem nefndur hefur verið sem ritstjóri nýja blaðsins, vildi ekkert segja um málið í gær.

- bpg

LÖGREGLUFRÉTTIR

FÓR OF SNEMMA AF STAÐ Rólegt var hjá lögreglu í Hafnarfirði og Garðabæ. Tilkynnt var um þrjú minniháttar árekstra en engin slys urðu á fólk. Þá voru tveir stöðvaðir grunaðir um ölvun, en annar þeirra reyndist hafa farið aðeins of snemma af stað eftir skemmtanahald næturinnar.

TVEIR GISTU FANGAKLEFA Akur-nesingar voru skemmtanaglaðir á laugardagskvöldinu og voru flest öldurhús yfirfull. Töluverð ölvun var fram eftir nóttu og tveir gistu fangaklefa. Reyndust þó flestir hafa nokkuð góða stjórn á skapi sínu því engin líkamsárásar var kærð eftir allt skemmtanahaldið.

EIN KÆRA Borgnesingar skemmtu sér á tveimur dansleikjum um laugardagsnóttina, auk þess sem barirnir voru þéttskipaðir. Ein kæra vegna líkamsárasar barst lögreglu en annars fór skemmtanahald að mestu leyti vel fram. Umferðin gekk vel þrátt fyrir slæmt veður og voru einungis þrjár stöðvaðir vegna hraðakstur sem þykir með minnsta móti þar á bae.

Nýr Alfa Romeo 147

21.781*
- á mánuði. Verð frá 2.150.000 kr.

11. v. 30% útborgun og 84 mán. lánslíma.

PTT ehf Malarhöfða 2a // 110 Reykjavík // sími 5709900 // www.alfaromeo.is

Veðrið

Í dag

Stíf austanátt í dag. Það verður enn einn vindasamur dagur í dag en svo dregur úr vindi og verður orðið skaplegt á morgun. Hitinn er á bilinu 4-12 stig og fer hækkandi til morguns. Það má helst reikna með rigningu á suðausturlandi en annars ætti að vera að mestu leyti þurrt. Á miðvikudag verður að öllum líkindum hæð yfir landinu með hægum vindi og bjartviðri, svo þetta lofar allt saman góðu. Það verður líklega fint veður á sumardaginn fyrsta, bjart og þurrt og ætti að víðra vel fyrir skrudgöngu.

Á morgun

Austlæg átt og dregur úr vindi. Úrkomulítið.

Miðvikudagur

Hæg suðlæg eða breytileg átt og yfirleitt bjart en hættia á þoku við suðurströndina.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	9°C	léttskýjað	Edinborg	10°C	skýjað
London	10°C	rigning	Stokkhólmur	4°C	skýjað
Paris	14°C	rigning	Barcelona	18°C	sk.m.köflum
Budapest	16°C	sk.m.köflum	Helsinki	5°C	léttskýjað

Osló 10°C sk.m.köflum
Prag 13°C skýjað
Milano 13°C léttskýjað
Las Palmas 22°C sk.m.köflum

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Tökum það með **trukki**

Landflutningar-Samskip í Kjarlaryoginum



Mikil ánægja ríkir meðal viðskiptamanna Landflutninga-Samskipa með nýjar bækkstöðvar fyrirtækisins í Kjarlaryogi. Fullkomin aðstaða í stærstu flutningamiðstöð landsins og nálægðin við Samskip hefur skapað skilyrði til þjónustu sem gerist ekki betri.

Við lítum björtum augum fram á veginn og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Mínum á nýtt símanúmer

458 8000

Landflutningar
SAMSKIP



KJÖRKASSINN

Verður næsti páfi ítalskur?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	40,4%
Nei	59,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að sameina yfirstjórn heilsgæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Á SLYSSTAÐ

Svissneskir hjálparstarfsmenn horfa niður brekkuna þar sem rútan rann niður.

Umferðarslys: Rúta ofan í gljúfur

SVISS, AP Tölf manns fórust og fimmtán slösuðust þegar rúta með 27 ferðamenn innanborðs rann 250 metra niður í gljúfur á svissneskum fjallavegi í gær.

Um eitt hundrað hjálparveitarmenn létu sig síga niður í gljúfrið til að bjarga ferðamönnum en einhverjir þeirra höfðu dottið úr rútunni á leiðinni niður. Talið er að hálka hafi valdið því að ökumaðurinn missti stjórn á rútinni með þessum hræðilegu afleiðingum. ■

Borgaraleg ferming:

Aldrei fleiri börn fermd

FERMING 93 börn fæddust borgaralegri fermingu í Háskólalabíó í gær og hefur fermingarhópurinn aldrei verið fjölmennari.

Borgaraleg ferming hóf göngu sína á Íslandi árið 1989 og á síðastliðnum 17 árum hafa 755 börn tekið þátt í undirbúningsnámskeiði Síðmenntar, sem heldur utan um borgaralegu fermingarnar. Um 9.000 manns hafa sótt lokaathafnið á þessum tíma en athöfnin er haldin að námskeiði loknu og taka fermingarbörn virkan þátt í henni með tónlistarflutningi, ljóðalestri og ávörpum. - sg

Íbúarnir komast ekki ferða sinna

Hús er skemmt eftir framkvæmdir:

TJÓN Enn syrtir í álinn hjá íbúum svonefnds Gestshúss í vesturbæ Hafnarfjarðar en það hefur stórskemmt vegna holræsaframkvæmda sem bærinn hefur staðið fyrir í götunni að undanfögnu. Í síðasta mánuði mynduðust sprungur í veggjum hússins og í fyrrinótt hrundi skurðarkantur við það. Komast heimilismenn ekki lengur inn og út með góðu móti.

Erni Ægi Óskarsyni, eiganda Gestshúss, var illa brugðið þegar kanturinn hrundi. „Þetta var eins og versti jarðskjálfti, húsið nóttaði. Ég hef ekkert sofið síðan klukkan fjögur í nótt. Ég fékk lögregluna til að taka skýrslu í morgun því það verð-

ur að laga aðgengið að húsinu, ég varð að klifra upp klöppina til að komast inn.“

Örn segir ráðamenn í bænum sýna málinu lítinn áhuga og því útilokar hann ekki að hann muni leita réttar síns hjá dómstólum.

Engu að síður er Örn borubrattur og ætlar að búa áfram í húsinu. „Maður verður að reyna að þrúka, maður er harður Gaflari. Fæddur og uppallinn í Firðinum.“ - shg

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFJAN



ÓFÖGUR SJÓN

Eigandi Gestshúss vaknaði við vandan draum í fyrrinótt þegar skurðarkantur við húsið hrundi.

Íbúðaverðið hefur tvöfaldast

Fermetraverð á íbúðum í Reykjavík hefur rúmlega tvöfaldast á áratug. Fasteignaverð hefur hækkað um fimm prósent á síðustu fjórum vikum. Ólafur B. Blöndal fasteignasali segir að verðið eigi eftir að hækka enn meira.

FASTEIGNAMARKAÐURINN Fermetra-verð í Reykjavík hefur rúmlega tvöfaldast á tíu árum. Staðgreiðsluverð á fjögurra herbergja íbúð í fjölbylishúsi var að meðaltali tæpar 68 þúsund krónur á fermetrann árið 1995. Í dag er það rúmar 166 þúsund krónur, samkvæmt gögnum hjá Fasteignamati ríkisins.

Fasteignaverðið hefur hækkað sérstaklega mikið síðustu árin. Það hækkaði um 13 þúsund krónur á fermetra milli ára 2002 og 2003 og um 15 þúsund krónur milli ára 2003 og 2004. Langmest hefur það þó hækkað frá 2004 til 2005, um heilar 29 þúsund krónur. Rétt er að hafa í huga að fasteignaverðið árið 2005 er miðað við

fyrstu fjóra mánuði ársins.

Ólafur B. Blöndal, fasteignasali og fyrrverandi varaformaður Félags fasteignasala, segir að fasteignaverð hafi haldið áfram að hækka síðustu vikur og mánuði, það hafi til dæmis hækkað um fimm prósent síðustu fjórar vikurnar, þrátt fyrir spár um að róast taki á fasteignamarkaði.

Hann telur að fasteignaverð sé víða komið upp í 200 þúsund krónur á fermetrann og nefnir sem dæmi fjögurra herbergja íbúð í litlu fjölbyli í grónu hverfi. Sú íbúð kostar í dag um 18,5 milljónir en kostaði um 10 milljónir fyrir tíu árum. Í nýjum íbúðum er fermetraverðið 225 þúsund, til dæmis á Vatnsendasvæði.


„Tölur segja að hækkunin hafi verið fimm prósent undanfarnar fjórar vikur, sem kemur okkur fasteignasölum töluvert á óvart því að við höfum ekki átt von á þetta mikilli hækkun. Verðið er ennþá að stíga en kannski ekki allveg jafn hratt og undanfarna mánuði. Við teljum okkur alls ekki sjá fyrir endann á þessum hækkunum. Það er ennþá eftirspurn eftir fasteignum og lánunum,“ segir hann.

Félagsmálaráðuneytið hefur hækkað hámarkslán íbúðalánasjóds úr 14,9 milljónum í 15,9 milljónir og tekur breytingin þegar í stað gildi. Ólafur segir að þetta sé góð hækkun en gera þurfi enn betur.

ghs@frettabladid.is

VISITALA FASTEIGNAVERÐS ÍBÚÐAHÚSNÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

- Íbúðarverð alls
- Fjölbyli
- Sérbyli
- Nafnverð



Erill á Akureyri:

Flestir til fyrirmyndar

LÖGREGLUMÁL / AKUREYRI Það skorti ekki verkefni hjá lögreglunni á Akureyri um helgina og var hún stanslaust að, frá föstudagsmorgni til sunnudags. Fjórir gistu fangageymslurnar, tveir aðfaranótt laugardags og tveir aðfaranótt sunnudags.

„Við reyndum í flestum tilvikum að leysa þau mál sem upp komu án þess að þurfa að henda fólki inn,“ segir Hermann Karlsson vaktstjóri hjá lögreglunni á Akureyri.

Söngvakeppni framhaldsskólanemanda fór fram á Akureyri á laugardagskvöldið. „Langstærsti hópurinn, sem kom hingað til þess að fylgjast með keppninni, var á vegum skólans síns og þeir krakkar voru til fyrirmyndar,“ segir Hermann. Þeir sem voru á eigin vegum voru frekar til vandræða. ■

PALESTÍNA

SKOÐA FRESTUN KOSNINGA Palestínska heimastjórnin íhugar að fresta þingkosningum í Palestínu fram yfir brotthvarf Ísraels frá Gaza. Hamasliðar, sem eru taldir sigurstranglegir í kosningunum, hóta því að endurskoða óopinbert vopnahlé sitt við Ísraela ef kosningunum verður frestað.

LÖGREGLUFRETTIR

FERÐAMAÐUR SLASAÐIST Bandarískur ferðamaður slasaðist þegar bíll sem hann var farþegi í lenti utan vegar í Lyngbrekku í Borgarfirði. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti manninn sem reyndist vera með háls- og bakmeiðslu. Ökumaðurinn slapp ómeiddur.

Afmæli Vigdísar Finnbogadóttur:

Um 40 kvenráðherrar til Íslands í ágúst

RÁÐSTEFNA Kvenkyns menntamálaráðherrar hvaðanæva að úr heiminum hittast í Reykjavík í lok ágúst til að ræða þau margvíslegu vandamál sem kvenráðherrar um heim allan standa frammi fyrir. Gera má ráð fyrir að um 40 ráðherrar komi til landsins af þessu tilefni.

Fundurinn er einn liður í því að minnst 75 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta á þessu ári og er haldinn á vegum Alþjóðlegra samtaka kvenna í leiðtogastörfum en Vigdís veitti þeim samtökum formennsku um árabíl. Sömu leiðis koma forsætis-, utanríkis- og menntamálaráðuneytið að undirbúningi fundarins.

Meðal annarra umræðuefna á þessum fundi verða áhrif menningarhefða á jafnrétti kynjanna og konurnar munu sérstaklega beina sjónum sínum að þeirri staðreynd að allt of hægt gengur að auka áhrif kvenna í stjórnsýslu og stjórnsmál-



VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR Afmæli hennar fagnað með alþjóðlegum fundi kvenna sem gegna störfum menntamálaráðherra.

um. Enn fremur er stefnt að því að leggja drög að víðtæku samstarfi og samræðum kvenna um allan heim

um aukin áhrif kvenna á alþjóðavísu.

- ssa



BMW X5 4.6i S 4x4, skrd. 12/2003, ekinn 29.000 km, 4600cc, 346 hð. Sjálfskiptur, skriðstýring, leður-/alcantara áklæði, sport sæti, rafstýrt bæði framsæti með minni, hiti í sætum, rafstýrðar allar rúður, rafstýrðar stillingar á stýri, leðurklætt sportstýri, 20" álfelgur og sumardekk, vetrardekk á álfelgum, ECC-tölvustýrt miðstöð, hraðastillir, aksturstölvá, viðarklædd innrétting, BMW-hljóðkerfi með CD, bluetooth handfrjáls búnaður, þokuljós í framstuðara, Xenon aðalljós, þvottakerfi á aðalljós, þokuljós í framstuðara, dráttarkrúkur og margt fleira.

Verð 8.200.000,- kr.



Öruggur staður til að vera á
S: 515-7000

1-9

Ég var látin laus 3. mars.

„Ég veit ekki hvort þetta er tilviljun eða ekki en 3. mars, á afmælisdegi Alexanders Graham Bell manningnum sem fann upp símann, losnaði ég loksins undan símafyrirtækinu sem er búið að rukka mig um fáránlegar upphæðir fyrir takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða undanfarna 12 mánuði.

Hive tók á móti mér með Hive Lite og héldum við upp á 158 ára afmæli Grahams Bell.“

Áslaug Þórsdóttir
Kögurseli 4, 109 Reykjavík

GOTT FOLK McCANN

3.990*

HiveLite

Práðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík og Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur.
Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



VEISTU SVARIÐ?

1 Hversu margir farþegar voru til vandræða í flugi Iceland Express til Kaupmannahafnar á laugardag?

2 Hver sigraði á Íslandsmótinu í kraftlyftingum?

3 Hvaða Asiuriki eiga í miklum deilum vegna skólalóka og sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Samgönguráðherra kynnir fjarskiptaáætlun til fimm ára: Efla uppbyggingu háhraðanets

FJARSKIPTI Heimili, fyrirtæki og stofnanir verða öll komin með möguleika á háhraðatengingum fyrir lok næsta árs samkvæmt fjarskiptaáætlun samgönguráðherra. Efla á háhraðatengingarnar á næstu árum þannig að árið 2010 verði hraðinn í fastneti að lágmarki 100 megabæt á sekúndu og eitt megabæt til notanda í farnetum.

Fjarskiptaáætlunin byggir hvort tveggja á framlagi stjórnvalda og aðgerðum fjarskiptafyrirtækja. „Með þessum hugmyndum, sem ég á ekki von á öðru en að fjarskiptafyrirtækin og útvarps- og sjónvarpsfyrir-



STURLA BÖLDVARSSON
Samgönguráðherra segir áætlunina eiga að koma Íslandi í fremstu röð hvað háhraðatengingar varðar.

tækin taki vel, munum við standa jafnfætis þeim þjóðum sem best eru settar. Það hlýtur að vera keppikefli fyrir okkur,” segir Sturla Böldvarsson samgönguráðherra.

„Í tengslum við ákvörðunina um sölu hlutabréfanna núna var ákveðið að setja 900 milljónir til styrkingar farsimakerfana á þjóðvegum og við fjölfarna ferðamannastaði og að leggja fjármuni í að koma stafrænum sjónvarps- og útvarpsendingum í gegnum gervihnetti sem mætti nýtast jafnt sjófarendum sem íbúum í mesta dreifbýlinu.“

-þþg

Garry Kasparov: Barinn með taflborði

RÚSSLAND, AP Skákmeistarinn Garry Kasparov var barinn í höfuðið með taflborði á fundi í Moskvu. Kasparov slapp við meidsl en var brugðin og sagði atvikið til komið vegna stjórnmaláttöku sinnar.

Kasparov var nýbúinn að árita taflborðið fyrir ungan mann þegar sá tók sig til og barði hann í höfuðið með því. Hann reyndi að sögn að berja Kasparov aftur en þá gripu öryggisverðir inn í og leiddu unga manninn á brott. Talsmaður Kasparovs sagði unga manninn hafa átalíð Kasparov fyrir að hætta í skákinni til að hefja afskipti af stjórnmalum.

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í einum af eftirfarandi greinum: Vélfræði (vélstjórnun), rafvirkjun, vélvirkjun, múraraiðn eða pípulögnum.

Styrkur

til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)

Umsóknum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)“, fyrir 20. apríl nk.

Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í iðngreinum og vélfræði (vélstjórnun).



www.or.is



SKIP AÐ VEIÐUM

Flest sjávarútvegsfyrirtæki hafa tapað umtalsverðum peningnum vegna hárs gengis krónunnar. Tap Síldarvinnslunnar einnar nemur um 800 milljónum króna vegna þess.

Sterka krónan veikir útveginn

Róður margra fyrirtækja í sjávarútvegi er orðinn afar erfiður. Enn er mánuður í að hágengisnefnd sjávarútvegsráðherra skili niðurstöðum sínum.

SJÁVARÚTVEGUR „Nákvæmar tölur höfum við ekki tekið saman en fyrir liggur að róðurinn er orðinn afar erfiður mörgum fyrirtækjum í sjávarútvegi,” segir Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva. Staða skuldseigari fyrirtækja í sjávarútvegi hefur versnað til muna eftir áramótin og eru margar rækjuverksmiðjur sérstaklega viðkvæmar enda staða þeirra flestra bág fyrir.

Samtök Arnars sem og önnur útflutningsfyrirtæki í landinu bíða nú tillagna svokallaðar hágengisnefndar sem Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra kom á fót til að meta stöðu hágengis á starfsumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja. Átti nefndin að skila niðurstöðum sínum í lok mars en tafir hafa orðið á vinnu nefndarinnar og ekki fyrir séð hvenær nefndin lýkur verkinu.

Arnar segir stöðuna allt síðasta ár hafa verið erfiða en steininn

hafi tekið úr eftir síðustu áramót þegar til komu frekari innlendir kostnaðarhækkunar á fyrirtækin á sama tíma og staða krónunnar hélt áfram að styrkjast. „Það sem hefur gerst er að í rækjuvinnslu hefur fyrirtækjum fækkað og þau sem eftir eru hafa verulega dregið saman seglin. Bæði er að í þeim rekstri hafa skuldir verið miklar en ekki síður hafa þau fyrirtæki haft hvað minnsta framlegð af vörum sínum.“

Framlegð er það fé sem eftir er þegar búið er að greiða vinnulaun, rekstrar- og hráefniskostnað en sú upphæð hefur farið jafnt og þétt minnkandi hjá mörgum fyrirtækjum í útflutningi.

Arnar gerir einnig athugasemdir við að verðbólga hafi ekki staðið í stað þrátt fyrir styrkingu krónunnar. „Búast hefði mátt við því að með sterkri krónu myndi verðbólga halda sér eða lækka jafnvel en sú hefur ekki verið raunin.“

albert@frettabladid.is

Lögreglan í Reykjavík:

Þýfi á uppboð

LÖGREGLUMÁL „Öllu þýfi sem við gerum upptækt við rannsókn mála er skilað til eigenda sinna en fer annars á hið árlega uppboð,” segir Geir Jón Þórisson, yfirlöggregluþjónn í Reykjavík. Árlega nær lögregla til baka miklu af þýfi misyndismanna en það skilar sér ekki alltaf aftur til eigenda sinna.

Geir Jón segir talsvert um að munir þeir er náist aftur séu skemmdir eða ónýtir og er þeim þá hent. „Ef hins vegar ekki tekst að finna réttmæta eigendur fara þeir á uppboð lögreglunnar en eitt slíkt verður einmitt í næsta mánuði.“

-aðe



UPPBOÐ LÖGREGLU

Eitt slíkt fer fram eftir mánuð en þar hafa margir gert góð kaup í gegnum tíðina.



allt að
50%
ódyrari

Öll helstu merkin í verkfærum.
Ótrúlegt úrval af BMF festingum,
boltum, skúfum og saum.
Sjón er sögu ríkari.

Súperbygg, þar sem þú færð
meira fyrir minna.



14.590 kr.

RYOBI
HLEDSLUVÉL
14,4 volt



verð frá 4.490 kr.

ÖRYGGISSKÓR
VINNUSKÓR



19.900 kr.

ÚTIARINN/GRILL



390 kr.

GARÐKANNA
10 l.



verð frá 3.690 kr.

HJÓLBÖRUR
80 l.



19.999 kr.

BÍLSKÚRS-
HURÐAOPNARI
MOTORLIFT 4000



verð frá 2.680 kr.

ÁLTRÖPPUR
MIKIÐ ÚRVAL



9.990 kr.

FJÖLNOTASTIGI
VINNUPALLUR



1.990 kr.

VERKFÆRASETT
FYRIR BÖRN



3.990 kr.

STURTUSETT
KRÓM/GULL
3 STILLINGAR

Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
- meira fyrir minna



•• við erum komnir á Akureyri og Selfoss!

4Mb/s
2GB niðurhal
extra

ADSL **V16**

V16 extra

- 4 Mb/s hraði
- 2 GB erlent niðurhal
- 3 pósthöng
- 50 MB heimasíðusvæði
- 1,99 kr. MB umfram erlent niðurhal

! Afnot af þráðlausum beini án endurgjalds

! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

3.890 kr.

á mánuði allt innifalið!*

Alltaf bestu
pakkarnir! Allt innifalið
og engin aukagjöld!

Kaupauki

Sailesh

Dávaldurinn Sailesh er að koma aftur og við ætlum að bjóða þér!
Allir þeir sem taka BTnet í verslunum BT fá miða fyrir 2 á Sailesh 17.
apríl á Broadway eða 21. apríl á Akureyri.



„Langfyndnasti
grindávaldur á jörðinni!
-MTV

VARÚÐ

• ÓRITSKODAÐUR •
• BANNAÐ INNAN 18 ÁRA •



Alltaf ódýrari!
•• hafðu hraðann á...
•• taktu fleiri bita!

BTNET



Gegn 12 mánaða samning sem greiddur er með kreditkorti. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast og aðeins í verslunum BT.



***TAKTU MIG, SNERTU MIG,
EIGDU MIG, KLAPPADU
3 DAGA REYNI***



OPEL

Þýski gæðingurinn



HAFÐU MIG, KYSSTU MIG,
J MÉR, VERTU MEMMI!
ISLUAKSTUR

Farðu með framtíðina austur fyrir fjall

Umfangsmesti reynsluakstur sögunnar er kominn til Íslands. Skráðu þig hjá okkur og þú færð glænýjan Opel, endurhannaðan og hlaðinn tækninýjungum, til afnota í heila 3 daga. Auðvitað borgarðu ekkert og þarft bara að skila honum óskemmdum – ef þú getur stillt þig um að kaupa hann. Að öðru leyti gerir þú bara það sem þú vilt: skreppur í Eden, montar þig á Laugaveginum eða skutlar stelpunum í spílatíma.

Skráning í síma 525 8005

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUNNAR INGI HANSSON LEIKARI

Vinnan þvælist fyrir golfinu

„Ég er bara að slaka á eftir frumsýningu,“ segir Gunnar Hansson leikari. Hann leikur í verkinu Terrorisma sem var frumsýnt á fjöllum Borgarleikhússins á föstudagskvöld. „Það var mikill terrorismi í gangi á ýmsum sviðum. Þetta var mjög gaman og okkur var vel tekið. Það er ferlega gaman að vinna með Stefáni Jónssyni leikstjóra, hann er mikill snillingur.“

Æfingar á verkinu stóðu yfir í tólf vikur og Gunnar segir ferlið hafa verið óvenju skemmtilegt. „Við erum tólf leikarar á litlu sviði og þetta var ferlega skemmtilegur hópur.“ Meðfram Terrorisma er Gunnar einnig að leika í Híþýlum vindanna og Héra Hérassyni í Borgarleikhúss-



inu. „Ég er því frekar rólegur um helgar, en það kemur ekki að sök, ég var frekar heimakær fyrir.“

Gunnar er mikill golfáhugamaður og segist vera eins og kálfur sem sleppur út að vori. „Það er kominn tími til að spila golf. Ég reyni að gera eins mikið af því og ég get, en það er verst að fjandans vinnan er þvælast fyrir manni. Ég reyni aðeins að halda sveiflunni við á veturna en ekki nóg, því miður. Það er þó auðveldara að gera það eftir að Básar komu til sögunnar.“

Gunnar er ekki búinn að ráðstafa sumarfrínu en segir það koma til greina að bregða sér út fyrir landsteinana í júlí. „Ég er að spá í að fara á suðrænar slóðir og slappa af og geri ráð fyrir að skilja golfkyllurnar eftir heima.“

SVONA ERUM VIÐ



212.800 TONN AF FISKI VEIDDUST Á ÍSLANDSMÍÐUM Í MARS

Heimild: Hagstofan

24
stundir



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Sumarið kemur

Síðustu sætin

í maí og júní

frá kr. **36.990**

Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin í sólinu í maí og júníbyrjun á hreint ótrúlegu verði. Nú er sumarið komið á áfangastöðum okkar og aldrei betra að njóta vinsælustu staðanna á fegursta tíma ársins.

Benidorm

18. maí 17 sæti
25. maí laus sæti
1. júní 11 sæti

Frá kr. 38.695

M.v. hjón með 2 börn, 2 – 11 ára, vikufærð 18. maí, Vina del Mar. Netverð.

Rimini

26. maí 19 sæti
2. júní laus sæti
9. júní laus sæti

Frá kr. 44.395

M.v. hjón með 2 börn, 2 – 11 ára, vikufærð, Riviera. Netverð.

Costa del Sol

18. maí laus sæti
25. maí 14 sæti
1. júní 17 sæti

Frá kr. 36.990

M.v. hjón með 3 börn, 2 – 11 ára, stökktu tilboð í viku, 8. júní, 22. júní eða 6. júlí. Netverð.

Mallorca

25. maí 9 sæti
1. júní 17 sæti

Frá kr. 38.895

M.v. hjón með 2 börn, 2 – 11 ára, vikufærð 25. maí, Brasilia. Netverð.

Króatía

19. maí 11 sæti
26. maí 8 sæti
2. júní uppselt

Frá kr. 46.095

M.v. hjón með 2 börn, 2 – 11 ára, vikufærð 19. eða 26. maí, Diamant. Netverð.

Portúgal

25. maí 10 sæti
8. júní 7 sæti

Frá kr. 39.990

M.v. hjón með 2 börn, 2 – 11 ára, stökktu tilboð í viku, 8. júní, 22. júní eða 6. júlí. Netverð.



STARFSFÓLK FRÍMERKJASÖLU TIL SAFNARA Deildin er staðsett í Keflavík en flestir starfsmenn hennar vinna á höfuðborgarsvæðinu.

Þúsundir útlendinga safna íslenskum frímerkjum

Erlendir frímerkjasafnarar kaupa íslensk frímerki fyrir um 120 milljónir króna á ári. Njú starfsmenn vinna í sérstakri deild Íslandsþósts sem þjónustar safnara.

„Við erum með ellefu þúsund fasta viðskiptavinum í 75 löndum sem ýmist eru áskrifendur eða panta einstaka útgáfur,“ segir Vilhjálmur Sigurðsson, forstöðumaður Frímerkjasölu til safnara, sérstakrar deildar innan Íslandsþósts sem þjónustar frímerkjasafnara um veröld víða.

Þótt nú manns vinni á deildinni er hún fámenn í samanburði við sambærilegar deildir annarra fámennra þjóða og segir Vilhjálmur að Álandseyingar og

Færeyingar séu umfangsmeiri á þessu sviði en Íslendingar.

„Við Íslendingar erum með minnstu frímerkjadeildina fyrir safnara á Norðurlöndum þannig að þetta helst ekki í hendur við höfðatöluna, þetta er heldur spurning um markaðssetningu.“

Frímerki eru markaðssett eins og aðrar söluvörur og nýjar útgáfur kynntar í viðlesnum fag-tímaritum og á netinu. Þá skýrir það vinsældir Færeyskra frímerkja að litid er á þau sem hluta af dönsku frímerkjaflórunni og njóta þau góðs af því. „Ef við tilheyrdum ennþá Dönnum seldum við miklu fleiri frímerki,“ segir Vilhjálmur og hlær.

Til viðbótar við fasta kaupendur bætast fjölmargir sem skipta við sérstaka frímerkjaumboðsmenn eða nýta sér þjónustu póstsverslana. Það er því ómögulegt að segja nákvæmlega til um hve

margir safna íslenskum frímerkjum en sjálfsagt eru þeir á bilinu 15-20 þúsund.

Vilhjálmur segir talsverða stafsemi í kringum frímerkjasöfnun í heiminum, til dæmis séu fjölmörg frímerkjablöð gefin út erlendis. Engu að síður hefur söfnunin látið á sjá.

„Þetta er áhugamál sem er hægt og bítandi á hallanda fæti. Með breyttri tækni hefur dregið úr áhuga á frímkerjum og sjálf-sagt spila tölvupóst og fax þar inni. Fyrir vikið hefur unga fólk-ið takmarkaðan áhuga á þessu. Þeir sem safna frímerkjum í dag eru því fyrst og fremst eldra fólk, það er allavega í miklum meirihluta.“

Sjálfur safnar Vilhjálmur frímerkjum, fyrst og fremst til að fylgjast með og vera vel með á nótnum.

bjorn@frettabladid.is

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í verkfræði eða tæknifræði. Einungis nám til fyrstu prófgráðu í greininni er styrkhæft. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk. Styrkupphæðin er 450 þúsund krónur.

Styrkur

til náms í verkfræði eða tæknifræði

Umsóknnum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarháls 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til til náms í verkfræði eða tæknifræði“, fyrir 20. apríl nk.

Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í tæknigreinum og reyna þar með að stuðla að auknu framboði af vel menntuðum konum á þeim sviðum sem nýfast Orkuveitunni.



www.or.is



TÚLÍPANAR Á KAFI Í SNJÓ Fannfergi var í vestur- og miðhluta Sviss í gær og fengu blóm og menn að kenna á því.



INGÓLFUR GUÐBRANDSSON 30 manns ætla með víðförlasta Íslendingnum í mánaðarferðalag í haust.

Lúxusferð með Ingólfi:
Uppselt

Þau þrjátíu sæti sem voru í boði í mánaðarlanga hnattreiðu með Ingólfi Guðbrandssyni í haust, seldust upp á kynningarfundum á fimmtudagskvöld. Þar kynnti Ingólfur ferðatilhögunina og féllu viðstaddir nánast í stafi við það eitt að heyra lýsingar af áfangastöðunum og sjá af þeim myndir.

„Undirtektirnar voru einstakar,“ segir Ingólfur sjálfur sem er snortinn yfir viðtökunum. „Ferðin er full en vegna áskorana mun ég reyna að bæta nokkrum sætum við.“

Og fólk setur það ekki fyrir sig að þakkin kosti heilar 775 þúsund krónur á mann. „Inni í þessu er allur kostnaður, það er gíst á glæsihótelum og reyndar eru nokkrir sem ætla að láta færa sig á dýrara farrými,“ segir Ingólfur.

Það má svo kalla sérstakan bónus að einn dagur bætist inn í líf ferðalanganna.

„Við ferðumst í austurátt og yfir daglínuna. 22. október erum við í Tókýó og fljúgum um kvöldið til Hawaii. Fyrsti dagurinn okkar þar er líka 22. október,“ segir Ingólfur sem hefur komið til 144 landa.

- bps

Fumac skápar

Stærðir frá 78x30x81 sm til 78x30x221 sm

Verð áður frá 16.900 kr.

Verð nú 12.900 kr.

25% afsláttur
Þú sparar allt að 9.000 kr.



Þú færð betri vinnuaðstöðu hjá Pennnum
Frábært verð - meiri gæði og vönduð þjónusta



Kinnarps vinnustöðvar

Stærðir frá 180x180 sm til 180x260 sm

Verð áður frá 66.204 kr.

Verð nú 49.653 kr.

25% afsláttur
Þú sparar 16.551 kr.

Aukabúnaður á mynd:
Framplata á skrifborði, stólar og fartölva



Kinnarps skrifborðsstóll

- KN 5222 með örmum

Verð áður 59.547 kr.

Verð nú 39.900 kr.

33% afsláttur
Þú sparar 20.547 kr.



Öllum stólum hjá Pennnum fylgir 7 daga reynslutími og 5 ára ábyrgð að lágmarki.



Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000, Reykjavík • Penninn-Bókval, Hafnarstræti, 91-93, sími 461 5050, Akureyri
Penninn TRS, Selfossi • Penninn, Keflavík • Bjarg, Akranesi • Penninn, Vestmannaeyjum • Penninn, Ísafirði • www.penninn.is

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!



DEKKJA LAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

755 3355

SPARADU PENINGA



- DEKKJA LAGERINN Skeifunni 3c 108 Reykjavík
- DEKKJA LAGERINN Viðarhöfða 6 110 Reykjavík
- DEKKJA LAGERINN Smiðjuvegur 6 200 Kópavogi
- DEKKJA LAGERINN Melabraut 24 220 Hafnarfirði
- DEKKJA LAGERINN Iðavöllum 8 230 Keflavík
- DEKKJA LAGERINN Flugumýri 16 270 Mosfellsbæ
- DEKKJA LAGERINN Sólbakka 8 310 Borgarnesi
- DEKKJA LAGERINN Njarðarnesi 1 603 Akureyri
- DEKKJA LAGERINN Miðási 23 700 Egilsstöðum
- DEKKJA LAGERINN Víkurbraut 4 780 Höfn
Þórir Baldvinsson teiknaði Alþýðuhúsið fyrir Alþýðusambandið árið 1936 en þetta er næstelsta stórhúsið sem hannað er í anda funkisstefunnar hér á landi. Húsið er samsett úr þremur mistórum réttmyndum en sá hæsti gengur þvert á hina tvo og myndar eins konar turn á götuhorninu. Þórir sá fyrir sér auglýsingaskilti á turninum, eins og algengt er í Bandaríkjunum. Í húsinu hafa verið skrifstofur, prentsmiðja og veitingastaðir og nú síðast Hótel 101.



Þjóðmenningarhúsið Hverfisgötu 15

Jóhannes Magdahl-Nielsen húsameistari í Danmörku hannaði húsið fyrir íslensk stjórnvöld og var það byggt á árunum 1906 til 1909. Byggingin markar tímamót í íslenskrri byggingarsögu þar sem hún er síðasta stórbyggingin á Íslandi sem Danir hönnuðu og höfðu eftirlit með. Húsið var byggt á fyrstu árum heimastjórnarinnar fyrir tilstilli Hannesar Hafstein ráðherra og var því upphaflega ætlað að hýsa landsbóka- og landskjalasafn. Útveggir hússins voru hlaðnir úr grágrýti að utanverðu en steypusteini að innan. Önnur nýmæli í húsinu voru steinsteipt gólf og stigar. Danski arkitektinn Frederik Klörboe teiknaði innréttingar og húsgögn.

Heimildir: Leiðsögn um íslenska byggingarlist, 2000. Arkitektafélag Íslands.

90% af kaupverði íbúðar

4,15% vextir

1% lántökugjald

Nú tökum við að okkur að greiða upp eldri áhvílandi lán með nýjum lánum frá Íbúðalánasjóði

15,9 milljóna hámarkslán

Nýtt hámarkslán tók gildi hjá Íbúðalánasjóði 12. apríl síðastliðinn

Við hvetjum þig til að kynna þér hugsanlega yfirtöku lána á íbúðinni sem þú ert að kaupa. Kjör eldri lána koma fram á söluþfirliti sem þú færð hjá fasteignasala. Með reiknivélinni „á ég að yfirtaka lán“ á vefsíðunni www.ibudalan.is er einfalt að reikna út hvort hagstætt er að yfirtaka eldri lán á eign. Af eldri lánum þarf ekki að greiða lántöku- og stimpilgjöld (2,5%).

Þjónusta eftir lántöku:

Lenging/stytting lántíma

Þú getur breytt lántíma lána* sjóðsins þannig að lántími eftir lengingu/styttingu verði minnst 20 og mest 40 ár.

Veðleyfi án íbúðarkaupa

Nú getur þú sett nýtt lán á undan eldri lánum** Íbúðalánasjóðs. Nýja lánið ásamt lánum Íbúðalánasjóðs má þó ekki fara yfir 15,9 milljónir.

Aðstoð vegna greiðsluferfiðleika

Við bjóðum þér upp á viðtæka aðstoð vegna greiðsluferfiðleika s.s.; samninga, lán til skuldbreytingar vanskila, frystingu lána og lengingu lána.

* ÍLS-veðbréfa, fasteignaveðbréfa og lána úr Byggingarsjóði ríkisins

** Fasteignaveðbréfum, lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, sérpartalánum og viðbótarlánum

Kynntu þér málið á www.ibudalan.is
Íbúðalánasjóður - fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Sími: 569 6900 - 800 6969

Fax: 569 6800



Strætó – slys

UMRÆÐAN
ALMENNINGS-
SAMGÖNGUR



ÖRN SIGURÐSSON,
ARKITEKT



STRÆTÓ Greinarhöfundur telur að nýtt leiðakerfi Strætó bs. dragi úr umferðaröryggi innan íbúðarhverfa.

„Telja verður að þeir hafi að þessu sinni sofði á verðinum á meðan samþykkt var að rýra umferðaröryggið með svo afgerandi hætti. Telja verður óhjákvæmilegt að íbúar í Breiðholti, Seláshverfi og í Grafarvoghverfi, sem þessi stórhættulega breyting bitnar á, bregðist við, bindist samtökum og hnekkji þessum áformum með öllum tiltækum ráðum.“

Þann 24. ágúst sl. samþykkti Samgöngunefnd Reykjavíkur nýtt leiðakerfi Strætó bs. í formi 42 bls. plaggs, sem nefnist „Strætó – tillaga og greinargerð“. Um það plagg má hafa mörg orð, en að þessu sinni einskorðast umfjöllunin við neikvæð áhrif nýja leiðakerfisins á umferðaröryggi innan íbúðarhverfa.

Á bls. 8 má lesa efirfarandi: „Upphækkunir og hraðahindranir: Mjög brýnt er að ekki séu hraðahindranir í formi upphækkana þar sem strætisvagnar aka um. Þetta er afar brýnt þar sem stofnleiðir eiga í hlut og því mikilvægt að þegar verði hugað að öðrum ráðstöfunum, sem tryggja

umferðaröryggi á þeim götum þar sem stofnleiðir aka um.“

Þetta þýðir í raun að um 23 upphækkunir hverfa af götum í Breiðholti, 5 í Seláshverfi og 10 í Grafarvoghverfi, þótt engar aðrar ráðstafanir séu þekktar sem gætu komið í stað þeirra svo umferðaröryggið á þessum stöðum sé tryggt!

Á fyrrnefndum fundi Samgöngunefndar Reykjavíkur þann 24. ágúst sátu 3 af 5 verkfræðingum á framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar (áður embætti Borgarverkfræðings) í Skúlatúni 2, sem starfa við umferðaröryggismál, Ólafur Bjarnason og undirmenn hans Baldvin Baldvinsson og Stefán A Finnsson. Telja verður að þeir hafi að þessu sinni sofði á verðinum á meðan samþykkt var að rýra umferðaröryggið með svo afgerandi hætti. Telja verður óhjákvæmilegt að íbúar í Breiðholti, Seláshverfi og í Grafarvoghverfi, sem þessi stórhættulega breyting bitnar á, bregðist við, bindist samtökum og hnekkji þessum áformum með öllum tiltækum ráðum, t.d. með fundum í íbúasamtökum, skrifum í blöðin og innhringingum í spjallþætti og kröfubréfum til kjörinna fulltrúa, því hér er mikið í húfi. Göturnar, sem upphækkunirnar eru á, orsökuðu áður mörk slys, sem hurfu eftir að upphækkunirnar komu.

Höfundur er talsmaður Höfuðborgarsamtakanna.

Vinstri Grænir, hvað nú?

UMRÆÐAN
STJÓRNMÁL Á
VINSTRI VÆNGNUM



HAFSTEINN HJARTARSON

„Flokkurinn hefur sterka málefnaströðu og sterkan vinsælan formann. En honum virðist fyrirumnað að bjóða fram fólk sem sópar fylgi að flokknum. Afskipti formannsins af framboðsmálum fyrir kosningar hafa verið með endemum og leitt til þess að framboð hafa reynst algjörlega misheppnuð.“

Ef sú íprótt að kyssa á íhaldsvöndinn hefur verið helsta iðja íslenskra stjórnmálaflokka er rétt að spyrja spurningar. Með tilliti til breyttrar pólitískrar stöðu í landsmálum þar sem Samfylkingin trónir við hlið Sjálfstæðisflokksins í nöktu skoðanalessi sínu er rétt að spyrja hverjir verða fáanlegir til að kyssa á vönd Samfylkingarinnar? Verða það ef til vill Vinstri Grænir?

Ef spurt er hvað Samfylkingin og Vinstri Grænir ætlast fyrir í helstu málaflókum kemur nokkuð athyglisvert í ljós:

Samfylkingin vill bæta hag landsmanna með því að efla fjármagnseigendur svo þeir geti bætt kjör launafólks. VG vill sterka verkalyðshreyfingu.

Samfylkingin vill ekki reka herinn. VG vill herinn burt.

Samfylkingin á Austurlandi barðist hatramlega fyrir byggingu Kárahnjúkavirkjunar. VG er á móti virkjuninni.

Samfylkingin vill að Íslendingar gangi í Evrópusambandið. VG er á móti inngöngu.

Samfylkingin hefur viljað selja allar mjólkurkúr ríkisins, studdi sölu bankanna og styður sölu Símans. VG er á móti allri einkavæðingu.

Vinstri Grænir eru að sjálfsögðu líklegir til að vinna með Samfylkingunni í ríkisstjórn vegna þess að þessir flokkar eiga báðir sameiginlegar pólitískar rætur. En ef lítið er á ofangreindan sambanburð á afstöðu flokkanna til mikilvægra málaflokka, getur það reynst erfitt, nema til komi einhvers konar helmingaskiptastjórn. Alla vega er ljóst að samstarf flokkanna útheimtir að til staðar sé styrk forusta í hvorum flokki fyrir sig. Slík styrk forysta getur aðeins skapast af öðru tveggja ótakmarkaðri forustuhollustu inna flokkanna, sem ekki er líklegt, eða firnasterkri málefnaströðu þeirra beggja, þannig að ljóst verði strax í upphafi samstarfs hvers verði að vænta af slíkri samstjórn.

Hér komum við að höfuðvanda vinstrianna. Vinstri Grænir eru smáflokkur með 5 þingmenn en Samfylkingin stór flokkur með 20 þingmenn. Vinstri Grænir eru vart pólitískt afl á þingi. Flokkurinn hefur sterka málefnaströðu og sterkan vinsælan formann. En honum virðist fyrirumnað að bjóða fram fólk sem sópar fylgi að flokknum. Afskipti formannsins af framboðsmálum fyrir kosningar hafa verið með endemum og leitt til þess að framboð hafa reynst algjörlega misheppnuð. Stundum er eins og menn séu bara með málamyndaframboð, eða eigi sér þá afsökun að hafa aldrei boðið fram fyrir. Ekki er leit að til einstaklinga sem sýna póli-



FRÁ KOSNINGAVÖKU VG 2003

tískan styrk, og er jafnvel svo að flokksforustan virðist ekki þekkja það fólk sem styður hann. Er nú mál að linni. Flokkur sem á erindi við fólk í landinu er það virkur að hann þekkir sitt heimafólk. Hann á ekki í vandræðum í framboðsmálum. Hann á sína stóru kró í fjárhúsi kjósenda og er ekki hafður úti í hrútakofa einn á báti, nema þegar glamrar í eggjstokkum stóru flokkanna.

Ætli Vinstri Grænir sér alvörulutverk í íslenskum stjórnmálum er nauðsynlegt að hefja undirbúning að framboði fyrir næstu alþingiskosningar. Er þá mælt til þess að formaður flokksins og tryggir viðhlæjendur haldi sér fjarri þeim undirbúningi, þar til til þeirra er leitað af til þess bæru fólk. Óbreyttir Vinstri Grænir eru fullfærir um að velja hjálparlaust dugmikla framboðendur úr sínum eigin röðum. „Lýðræðisleg leiðbeining“ flokksformannsins hefur hingað til reynst bjarnargreiði.

Greinarhöfundur er fyrrverandi formaður Vinstrihreyfingarinnar, græns framboðs, í Kópavogi. Greinin birtist hér í styttri mynd en hana má nálgast í fullri lengd á skoðanasíðum Vísis á netinu.

ÚTSALA Á ERLENDUM BÓKUM

Nú stendur yfir útsala á erlendum bókum í Bóksölu stúdenta.

Sígildar heimsbókmenntir, afþreying, fróðleikur og fræði.

Á annað þúsund áhugaverðir bókatitlar á frábæru verði.

Meira en námsbókabúð

Bóksala stúdenta er alhliða bókaverslun í notalegu umhverfi. Hjá okkur færðu íslenskar og erlendar skáldsögur, rit almenns eðlis, ritföng og gjafavöru og engin bókabúð býður viðlíka úrval af fræðiritum og tölvubókum.

Opið frá 9-18 alla virka daga

35-70%
afsláttur

bóksala stúdenta
www.boksala.is
Stúdentaheimilinu v/Hringbraut – s: 5 700 777



40%

AFSLÁTTUR

**Kalt Mat
Frystiréttir**

Nagga kjötbollur

299

kr./pk.

Verð áður: 513

**Meira
úrval**

**Nýr
valkostur**

35%

AFSLÁTTUR

**Bautabúrs
skólaskinka**

959

kr./kg.

Kindahakk

498

kr./kg.

Krónubrauð

99

kr./stk.

**Wasa hrökkbrauð
2 í pakka**

159

kr./pk.

**Farm frites
franskar**

199

kr./pk.

Verð áður: 295

**Opið
alla
daga**



ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

KRÓNAN



VIRK SAMKEPPNI

ÞÚ FÆRÐ

LÆGRA

VERÐ!

Í KRÓNUNNI

Virk
sam-
keppni

Sam-
keppni

Frón Kremkex

169
kr./pk.

Frón Matarkeks

139
kr./stk.

Brazzi epla og
appelsínusafi

72
kr./L.

Ariel Regular
3,3 kg.

998
kr./pk.
Verð áður: 1.098

Í V E R S L U N U M K R Ó N U N N A R

PETTA GERÐIST

Jarðskjálftinn mikli í San Francisco

Þennan dag árið 1906 reið jarðskjálfti yfir San Francisco. Hundruð manna dóu samstundis í skjálftanum, en hann mældist um átta stig á Richter-kvarða. Upptök skjálftans voru á 275 kílómetra löngu beltu í San Andreas-sprungunni. Skjálftans varð vart frá Oregon í norðri til Los Angeles í suðri. Múrsteinsbyggingar og timburhús urðu sérstaklega illa úti í skjálftanum. Eldar breiddust út og slökkvilið átti erfitt með að berjast við þá sökum þess að vatnsleiðslur brustu í skjálftanum og borgin varð fyrir en varð allsherjareldhaf. Bandarískir hermenn voru kvaddir á staðinn. E.E. Schmitz borgarstjóri setti á útgöngubann frá rökkri til dögunar og skipaði hermönnum að skjóta hvern þann sem sæist við gripdeildir. Eftirskjálftar riðu yfir borgina og slökkviliðs- og hermenn háðu baráttu upp á líf og dauða til að halda eldunum í skefjum. Víðs vegar sprengdu þeir heilu íbúðarherfin niður til að búa til eldvarnareggi. Hinn

20. apríl var tuttugu þúsund íbúum borgarinnar bjargað um borð í herskip við höfnina. Hinn 23. apríl tilkynntu borgaryfirvöld að tekist hefði að slökka á stærstu eldunum og borgarbúar þyrftu nú að leggja á eitt við að reisa borgina úr rústunum. Talið er að alls hafi þrjú þúsund manns týnt lífi í jarðskjálftanum og eldsvöðunum sem honum fylgdi. Um 30 þúsund heimili eyðilögðust í hörmungunum; mestmegnis íbúðarhús og nærri allt viðskiptahverfið í miðborginni.



18. APRÍL 1906

MERKISATBURÐIR

- 1903** Mannbjörg verður þegar mesta og elsta stórhýsið í Reykjavík, Glasgow, brennur.
- 1927** Hornsteinn er lagður að nýrri kirkju í Landakoti í Reykjavík.
- 1944** Hermann Jónasson kjörinn formaður Framsóknarflokksins.
- 1954** Fermingarbörn í Akureyrarkirkju klæðast hvítum kyrtlum við ferminguna, fyrst barna héraðs.
- 1955** Skriður eftir stórrigningar valda tjóni á Siglufirði og skrúða fellur úr Meðalfelli í Kjós á bæinn Hjalla og verður barni að bana.
- 1980** Ródesía verður sjálfstætt ríki að nafni Símbabve.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Ólafur Halldórsson handritafræðingur er 85 ára í dag.

Jóhanna V. Þórhallsdóttir söngkona er 48 ára í dag.

Hjörtur Magni Jóhannsson frikirkjuprestur er 47 ára í dag.



Jónas Þorbjarnarson ljóðskáld er 45 ára í dag.

ANDLÁT

Erna Ragnarsdóttir, fyrrverandi bankastarfsmaður, er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Auður S. Wölstad sjúkrapjálfafrí, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést fimmtudaginn 7. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Guðrún Árnadóttir, frá Miðgili, lést fimmtudaginn 7. apríl. Útförin hefur farið fram.

Helgi Vilhjálmsson, Gullengi 9, Reykjavík, lést fimmtudaginn 7. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Sigfús Pálmi Jónasson, frá Pálmholti, lést mánudaginn 11. apríl.

Halldóra Halldórsdóttir, Kóngsbakka 14, Reykjavík, lést fimmtudaginn 14. apríl.

Oddný Hansína Runólfssdóttir lést á hjúkrunarheimilinu Víflsstöðum fimmtudaginn 14. apríl.

JARÐARFARIR

13.00 **Jóhann Friðjónsson** arkitekt, Hesthömrum 10, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **María Rós Leifsdóttir**, Víðihvammí 26, Kópavogi, verður jarðsöngurinn frá Fossvogskirkju.

13.30 **Hugrún Stefánsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, áður Víðilundi 24, Akureyri, verður jarðsöngurinn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Jón Hafliði Kjartansson**, Kleppsvogi 128, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Áskirkju.

TÍMAMÓT: MAGNEA FRÁ KLEIFUM 75 ÁRA

Segist ekki vera skáld

Magnea Magnúsdóttir, frá Kleifum í Kaldbaksvík í Strandasýslu, fagnar 75 ára afmæli sínu á Akureyri í dag en þar hefur hún búið frá árinu 1959.

Magnea segist hafa átt góða æsku fyrir vestan en hún hefði þó kosið að feta menntabrautina ef þess hefði verið kostur. „Við vorum fimm systkinin og þar af ein uppeldissystir sem kom til okkar þegar ég var 15 ára. Heimilið hafði bæði tekjur af land- og sjávarnrytjum og við krakkarnir þurftum að vinna mjög mikið. Eg sinnti henni eins og aðrir en hafði lítið gaman af þar sem ég hef alltaf verið löt til vinnu.“

Magnea hlaut sína grunnmenntun í farskóla eins og algengt var í hinum dreifðu sveitum í kringum seinna stríð. Veturinn 1942 til 1943 var hún í gagnfræðaskólanum á Ísafirði og tók þar fullnaðarpróf 12 ára gömul. „Kennarinn minn vildi ólmur að ég kæmist á skóla en aðstæður leyfðu það ekki.“

Þegar Magnea var 17 ára fór hún í kvennaskólann á Staðarfelli í Dalasýslu en veturinn eftir fór hún í Tógvinnuskólann á Svalbarði í Eyjafirði. „Þetta var mjög góður skóli og þarna lærðum við ýmiss konar handverk svo sem að vefa og spinna.“

Magnea hefur alla tíð verið bókhneigð en lítið var af bókum á heimili hennar í æsku. „Föðurbróður minn kom aldrei úr kaupstað öðruvísi en koma með einhverjar bækur og þær las ég upp til agna.“

Þrátt fyrir að að Magnea hafi hlotið margvísleg verðlaun fyrir ritstörf segist hún ekki vera skáld. „Ég hef aldrei skilið þegar hinir og þessir hafa verið að rýna í bækur mínar og telja sig sjá einhverjar faldar meiningar. Ef þær eru þar að finna þá eru þær ekki frá mér komnar.“

Magnea hefur skrifað þrjár skáldsögur og 17 barnabækur en hennar þekktustu verk eru bækurnar um Hönnu Maríu, sögurnar um Tóbías og Tinnu og Sossuþækurnar. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir skrif sín, meðal



MAGNEA FRÁ KLEIFUM Magnea segist eiga mikið af óútgefnum efni sem hún ætlar að fara í gegn um og henda „áður en hún verður of gömul,“ en þar á meðal eru bæði barnabækur og skáldsögur.

annars viðurkenningu IBBY samtakanna og verðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur, auk þess sem bækur hennar hafa verið tilnefndar á hinn alþjóðlega H. C. Andersen heiðurslista.

Magnea segist hafa skrifað mest þegar hún hafði lítinn frítíma en hún ól upp fimm börn og starfaði í Sambandsverksmiðjunum á Akureyri. „Ég skrifaði aldrei staf á daginn heldur í rólegheitunum á kvöldin og nóttunni. Oft sat ég við skrifrit fram undir morgun og var þá heldur framlág daginn eftir.“

Allt frá barnæsku hefur Magnea sagt sjálfri sér sögur og

þótt henni sé það eðlislægt segir hún öðrum það koma spáskt fyrir sjónir. „Ég hlakka alltaf til að fara að sofa á kvöldin því þá heldur sagan áfram. Þegar ég byrja veit ég ekkert hvert sagan teyfir mig og ég er sífellt að koma sjálfri mér á óvart en það getur jafnvel tekið nokkra mánuði að klára hverja sögu.“

Magnea á mikið af óútgefnum efni, bæði barnabókum og skáldsögum. „Ég ætla að fara í gegnum þetta rusl og henda áður en ég verð of gömul,“ segir Magnea. Vonandi skiptir hún um skoðun svo við hin megu njóta síðar meir. ■



SKÓGRÆKT

Opna nýjan skógræktarvef

Guðni Ágússon landbúnaðarráðherra og Sigríður Anna Þórhallsdóttir umhverfisráðherra opna sameiginlega í dag nýjan vef sem nefnist Skógrækt í sátt við umhverfið. Skógræktarfélag Íslands kynntir verkefnið í dag og segir það marka tímamót í skógrækt.

Skógræktin segir að þrátt fyrir að skógar þeki ekki nema afar lítinn hluta landsins sé mikill áhugi fyrir því að auka útbreiðslu skógarleifanna og rækta nýja skóga þar sem hentar. „Nú er svo komið að ekki er lengur hugsað um hvort hægt sé að rækta skóga á Íslandi, heldur er spurningin hvar á að gera það, hvernig þeir muni falla að landinu og hvers vegna eigi að stunda slíka landnotkun.“ Skógræktarfélag Íslands skipaði fjölmennan þverfaglegan starfshóp til að vinna að gerð leiðbeininga varðandi þessi atriði, en í honum eiga sæti fulltrúar Skógræktar ríkisins, Landshluta-bundinna skógræktarverkefna, Skógræktarfélags Íslands, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Fuglaverndar, Landverndar og Fornleifa-verndar ríkisins. Leiðbeiningar vinnuhópsins verða kynntar á vefslóðinni www.skog.is/leidbeiningar.htm, en ráðherrarnir opna vefinn síðdegis í dag. ■

+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Sigurður Guðmundsson
fyrirverandi símamáður, Norðurbrún 1,

andaðist aðfaranótt 7. apríl. Útförin fer fram frá Friðkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. apríl kl. 13.00.

Egill B. Sigurðsson Bryndís H. Sigurðardóttir Þuríður G. Sigurðardóttir Barnabörn og barnabarnabörn.	Gerður H. Jóhannsdóttir Bergur Jónsson
---	---

Lokadagur Dropa af regni

Í dag er lokadagur sýningarinnar „Dropar af regni: Amnesty International á Íslandi í 30 ár“ í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á sýningunni getur að líta ágrip af þeim fjölda einstaklinga sem félagar Íslandsdeildar Amnesty International hafa átt þátt í að frelsa síðustu 30 árin. „Þessir einstaklingar voru fangelsaðir fyrir þær sakir einar að tjá trú sína eða skoðanir, eða vegna kyns síns og uppruna. Þessa einstaklinga kallar Amnesty International samviskufanga,“ segir í tilkynningu samtakanna, en heiti sýningarinnar er tekið úr þakkarbréfi samviskufangans

Mohamed El Boukili frá Marokkó, sem lét svo um mælt árið 1994: „Á dimmestu tímum fangavistar minnar komu orð ykkar og bréf sem dropar af regni, sem lengi hefur verið beðið eftir í endalausri eyðimörk. Frelsi mitt í dag er ávöxtur þols ykkar og þreks, vinnu og hugrekks.“ Fram kemur hjá Amnesty á Íslandi að fyrirhugað sé að sýningin verði sett upp sem víðast. ■

JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR
Jóhanna er framkvæmdastjóri Amnesty International á Íslandi, en í dag er lokadagur sýningar samtakanna í Ráðhúsi Reykjavíkur.



Svefn & heilsa



**SVEFN & HEILSA
FYRIR ÞÍNAR
BESTU
STUNDIR**

Veldu það besta!

TOLLI LISTMÁLARI

SOFÐU VEL Í SUMAR

Chiropractic[®] **2005**
NO FLIP



Nýjar amerískar heilsudýnur
sem aldrei þarf að snúa

**Njóttu lífsins! með nýrri og betri
Chiropractic heilsudýnu.**

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar
sem eru þróaðar og viðurkenndar af
amerísku og kanadísku
kírópraktorsamtökunum.



Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með
Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.



GÓÐAR DÝNUR Í SUMARBÚSTAÐINN

Takmarkað magn.

Bonnell Boxspring

90x200 kr. **19.900.-** stgr.

120x200 kr. **22.900.-** stgr.

140x200 kr. **24.900.-** stgr.

Pocket Boxspring

90x200 kr. **24.900.-** stgr.

120x200 kr. **29.900.-** stgr.

140x200 kr. **34.900.-** stgr.

Beauty Sleep 8 ára ábyrgð

90x200 kr. **29.900.-** stgr.

97x200 kr. **34.900.-** stgr.

120x200 kr. **39.900.-** stgr.

135x200 kr. **44.900.-** stgr.

153x200 kr. **49.900.-** stgr.

Healthy Sleep No Turn 10 ára ábyrgð

90x200 kr. **44.900.-** stgr.

97x200 kr. **49.900.-** stgr.

120x200 kr. **59.900.-** stgr.

135x200 kr. **64.900.-** stgr.

153x200 kr. **69.900.-** stgr.

Öll verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.



Sleep Series



Sleep Series



Sleep Series

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

KÖRFUBOLTAKAPPINN HLYNUR BÆRINGSSON: VEIT AF ÁHUGA ÞRIGGJA ERLENDRA LIÐA

Orðinn þreyttur á að tapa fyrir Keflavík

Körfuboltakappinn Hlynur Bæringsson, sem hefur verið lykilmáður í frábæru gengi Snæfells undanfarin tvö ár í InterSportdeildinni, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði í hyggju að reyna að komast að hjá erlendum liðum á næsta tímabili. Hlynur var valinn besti leikmaður deildarinnar í fyrra og fylgdi því eftir með frábæru tímabili í ár. Hann þurfti hins vegar að horfa á eftir Íslandsmeistarátitlinum bæði árin til Keflavíkur.

Hlynur sagði að hann vissi af þremur liðum sem hefðu sýnt honum áhuga. „Ég veit að spænsk úrvalseildarlið hefur áhuga á því að fá mig og lána mig til liðs sem það á í neðri deildunum. Ég þyrfti því að sanna mig sem væri hið besta mál. Síðan veit ég líka af liðum í Hollandi og Þýskalandi en ég á eftir að skoða það nánar. Deildirnar í Evrópu eru enn í fullum gangi þannig að þetta

skýrist ekki strax.“

Hlynur sagði það lengi hafa verið draum sinn að hafa atvinnu af því að spila körfubolta enda væri lítil möguleiki á því á Íslandi. „Ég vil æfa tvisvar á dag til að verða betri leikmaður og þá þýðir lítið annað en að fara eitthvert út. Það er ekki hægt að æfa tvisvar á dag hér landi, þykjast vera atvinnumaður og eiga varla fyrir mat.“

Hlynur sagði þetta líka ágætis leið til að sleppa við Keflavík. „Ég er orðinn þreyttur á þeim því að við töpum alltaf fyrir þeim“, sagði Hlynur. Aðspurður hvort hann ætti ekki bara að ganga til liðs við Keflavík fyrst hann gæti ekki unnið liðið sagði hann að sér yrði líklega slátrað í Stykkishólmi ef hann færi þangað. „Það er betra að fara út. Keflvíkíngarnir elta mann varla þangað“, spurði hann og hló.



Heyrst hefur...

... að kvennalið Stjórnunnar, sem féll úr leik á Íslandsmóttinu í handknattleik í gær þegar liðið tapaði gegn ÍBV, muni mæta til leiks á næstu leiktíð með nýjan þjálfara. Hefur nafn Aðalsteins Eyjólfssonar, fyrrum þjálfara ÍBV, helst verið nefnt í því sambandi.



sport@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

15 16 17 18 19 20 21

Mánudagur

■ ■ SJÓNVARP

- 17.00 **Þrumuskot** á Skjá Einum. Þáttur þar sem farið er yfir leiki helgarinnar í enska boltanum.
- 18.30 **NBA** á Sýn. Útsending frá leik LA Lakers og Dallas frá því í gærkvöldi.
- 20.30 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Þáttur um evrópsku knattspyrnuna þar sem öll mörk helgarinnar eru sýnd.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Þáttur þar sem fjallað er um helstu íþróttaviðburðina heima og erlendis.
- 23.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 00.15 **Þrumuskot** á Skjá Einum. Endursýndur þáttur.

Ledley King um HM:

England getur unnið

FÓTBOLTI „Ledley King, varnarmaður Tottenham, segir að enska landsliðið í knattspyrnu geti vel orðið heimsmeistari í knattspyrnu á næsta ári þegar mótið fer fram í Þýskalandi. „Við leikmennirnir höfum allir trú á því að liðið geti afrekað eitthvað stórt á HM. Lykilmenn liðsins eru orðnir miklu betri leikmenn nú heldur en þeir voru á síðasta stórmóti og ég held að liðið muni toppa á réttum tíma,“ segir King.

Nistelrooy mættur aftur

Það verður Manchester United sem mætir Arsenal í sannkölluðum draumaúrslitaleik ensku bikarkeppninnar þann 21. maí nk. Það varð ljóst eftir að liðið pakkadði Newcastle saman í gær.

FÓTBOLTI „Allir sem að félaginu koma eru gríðarlega ánægðir fyrir hönd Nistelrooy. Ég missti aldrei trúna á hann,“ sagði Alex Ferguson, knattspyrnuþjálfari Manchester United, eftir að hafa horft upp á hollenska markahrókinn sinn skora tvö mörk í undanúrslitaleiknum gegn Newcastle í gær þar sem lokatölur urðu 4-1, Man. Utd í vil.

Nistelrooy hafði átt erfitt uppdráttar að undanförunni og ekki skorað mark í þeim sex leikjum sem hann hafði spilað síðan hann náði sér af meiðslunum sem öftruðu honum frá keppni í þrjá mánuði. Nistelrooy kom Man. Utd á blað í leiknum á 19. mínútu með sínu fyrsta marki frá því í nóvember á síðasta ári.

„Þetta var týpískt mark fyrir hann. Hann þurfti engan kraft í skotið heldur lagði hann boltann í bláhornið. Enginn markvörður í heiminum hefði varið þetta skot,“ sagði Ferguson eftir leikinn en mark Hollandingsins var einkar laglegt. „Við höfum saknað hans og nú vona ég bara að hann haldi áfram að skora mörk fyrir liðið. Okkar hefur vantað mörkin í síðustu leikjum og í okkar liði er enginn betri en Nistelrooy í því starfi,“ bætti Ferguson við. Ósigurinn fullkomnaði hörmulega viku fyrir Newcastle sem féll úr leik í Evrópukeppni félagsliða á fimmtudaginn.

Það var í raun aldrei spurning



BYRJADUR AÐ SKORA Ruud van Nistelrooy fagnaði innilega eftir að hafa brotið ísinn í gær.

um hvort liðið færi með sigur af hólmi í leiknum í gær og sáu þreyttir leikmenn Newcastle aldrei til sólar í leiknum. Enginn lék betur en Christiano Ronaldo, en hann lagði upp fyrstu tvö mörkin og skoraði síðan það fjórða. Man.Utd mætir Arsenal í úrslitaleiknum á Þúsaldarvellinum í Cardiff þann 21. maí nk. en Arsenal valtaði yfir Blackburn á laugardaginn.


Roy Keane, fyrirliði Man.Utd, sagði það einstaklega góða tilfinningu að vera kominn í úrslitaleikinn. „Þeir áttu aldrei glætu í okkur. Við vissum að þeir voru þreyttir eftir Evrópuleikinn á fimmtudaginn og við ætluðum okkur alltaf að keyra á þá á mesta mögulega hraða. Það gekk upp og ef við spilum svona í úrslitaleiknum þá erum við á grænni grein,“ sagði Keane eftir leikinn.

> Við furðum okkur á ...

... hversu fáir Eyjamenn sá sér fært að mæta í íbrotthúsið í Vestmannaeyjum í gær þegar ÍBV tryggði sér sæti í úrslitum DHL-deildar kvenna. Um var að ræða oddaleik í undanúrslitum og því hálf galið að sjá áhorfendapallana eins tóma og þeir voru í leiknum í gær.

> Við hrósum ...

... knattspyrnumanninum Veigari Páli Gunnarsyni hjá Stabæk í Noregi, sem skoraði fyrra mark síns liðs í sigri á Hönefoss í norsku 1. deildinni í gær. Veigar Páll skoraði einnig í fyrstu umferðinni um síðustu helgi og virðist vera kominn í sitt gamla og góða form.



LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna

ÍBV-STJARNAN 32-24
Mörk ÍBV: Anastasia Patsiou 10, Eva Björk Hlööversdóttir 8/5, Darinka Stefanovic 5, Tanja Zukowska 4, Alla Gokorian 4, Guðbjörg Guðmannsdóttir 1, Ingibjörg Jónsdóttir 1. **Varin skot:** Florentina Grecu 29/1.
Mörk Stjórnunar: Hekla Daðadóttir 6/3, Kristín Clausen 5/1, Elisabeta Kowal 3, Kristín Guðmundsdóttir 2, Rákel Dögg Bragadóttir 2, Hind Hannesdóttir 2, Anna Bryndis Blöndal 2, Elisabet Gunnarsdóttir 2. **Varin skot:** Jelena Jovanovic 14/1, Helga Vala Jónsdóttir 4.

Enska bikarkeppnin

MAN.UTD-NEWCASTLE 4-1
 1-0 Ruud van Nistelrooy (19.), 2-0 Paul Scholes (45.), 3-0 Ruud van Nistelrooy (58.), 3-1 Shola Ameobi (59.), 4-1 Christiano Ronaldo (76).

Norska úrvalseildin

AALESUND-ODD-GRENLAND 2-1
Haraldur Guðmundsson var í byrjunarliði Aalesund.
LILLESTRÖM-LYN 1-0
Þrástur Þór Víðarsson sat á bekknum hjá Lilleström en **Stefán Gíslason** var í byrjunarliði Lyn.
MOLDE-START 0-1
Jóhannes Harðarson var í byrjunarliði Start en var tekinn af velli á 87. mínútu.

Sænska úrvalseildin

GAUTABORG-ASSYRISKA 0-3
Hjálmur Jónsson spilaði allan leikinn fyrir Gautaborg.
ELFSBORG-ÖRGRYTE 1-0
Jóhann B. Guðmundsson spilaði allan leikinn fyrir Örgryte.

ÚR SPORTINU

Flensburg, liðið sem handknattleiksmaðurinn **Árni Þór Sigtrygsson** er við það að ganga til liðs við, varð í gær þýskur bikarmeisteri í handbolta þriðja árið í röð þegar liðið bar sigurorð af Kiel í úrslitaleik, 33-31. Dönsku hornarmennirnir **Lars Christiansen** og **Sören Stryger** skoruðu átta mörk hvor fyrir Flensburg en hjá Kiel var sænski hornarmaðurinn **Johan Pettersson** markahæstur með níu mörk. Í leiknum um þriðja sætið lagði Nordhorn lið Göttingen og skoraði **Jalieseky Garcia** eitt mark fyrir Göttingen.

PRÓFAÐU ÞAÐ FERSKASTA FRÁ SÓMA

NÝTT

MEIRA Á MILLI

Nýjar matarmiklar samlokur í innsigliðum umbúðum sem tryggir enn meiri ferskleika.

SÓMI FERSKUR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

MEIRA Á MILLI

www.somi.is

HELOSAN RAKAKREM

fyrir alla fjölskylduna

Mýkjandi og rakagefandi

ENK_TYER_OG_PHEP_300309



HINGAÐ OG EKKI LENGRA Hind Hannesdóttir komst lítt áfram gegn sínum gömlu félagum í Eyjum í gær.

Oddaleikur ÍBV og Stjörnunnar í undanúrslitum DHL-deildar kvenna: Auðveldur sigur hjá Eyjastúlkum

HANDBOLTI Kvennalið ÍBV var ekki í miklum vandræðum með að tryggja sér sæti í úrslitarímu Íslandsmótsins gegn Haukum í gær þegar Stjarnan kom í heim-sókn til Eyja. Fyrir utan fyrstu mínútur leiksins var ÍBV með öll tók á leiknum og vann sanngjarnan og öruggan átta marka sigur, 32-24, eftir að hafa leitt með fjórum mörkum í leikhléi, 16-12.

Það var fyrst og fremst frábær varnarleikur og stórkostleg markvarsla Florentinu Grecu, sem varði 29 skot, sem lagði grunninn að sigri heimastúlkna. Anastasia Patsiou hélt síðan sóknarleiknum uppi ásamt Evu Björku Hlökkversdóttur. Það var fátt um fina drætti

hjá Stjörnunni. Markvarslan og vörn var ágæt í svona 15 mínútur en skelfileg eftir það. Skyttur liðsins voru heillur horfnar og hægri vængurinn gjörsamlega lamaður allan leikinn.

Varnarleikurinn brást

„Þetta var slakt hjá okkur í dag. Varnarleikurinn hjá okkur brást algjörlega og það var númer eitt, tvö og þrjú það sem var að klicka hjá okkur. Við fáum á okkur 16 mörk í hvorum hálfleik og það er mjög erfitt að vinna slíka leiki. ÍBV liðið var að spila mjög vel í þessum leik, þeirra besti leikur í einvíginu og kannski okkar slakasti,“ sagði Erlendur

Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, þungur á brún. Kollegi hans hjá ÍBV, Alfreð Finnsson, var ívið léttari.

„Þetta var glæsilegur sigur hjá okkur í dag. Ég veit ekki hvað maður á að segja en ég átti aldrei von á þessum leik hjá okkur. Það má segja að við höfum bara sprungið út, við spiluðum frábæran varnaleik og góðan sóknarleik. Florentina er stórkostleg í markinu og þetta þróaðist bara allan tímann í okkar átt fannst mér. Áhorfendurnir voru frábærir og það var gaman að þessu frá upphafi til enda – þetta er yndislegt þegar svona vel gengur,“ sagði Alfreð

- hbg, - ja



Sealy Posturepedic

Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!



Hversvegna **Posturepedic**?

Sealy Posturepedic eru **vinsælustu** heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörupróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.



Hversvegna **Posturepedic**?

Sealy Posturepedic gormurinn sem er hjartað í heilsudýnnunni, er hannaður í samvinnu við nokkra færustu bæklunarskurðlækna Bandaríkjanna. Hann bregst mismunandi við þyngd og því geta tveir misþungir einstaklingar notað sömu dýnuna

Hversvegna **Posturepedic**?

Sérhannaður styrktarkantur sem tryggir hámarksnýtingu á svefnfleti, ásamt því að kantar dýnnunnar veita betri stuðning. „Thermo Bond“ uppbyggingin dregur úr hreyfingu á milli einstaklinga í sama rúmi.



ERGOSLEEP
fullkomnasta svefnkerfið

1 **Hátæknirúm**
Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarrannsóknunum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.

2 **Þitt svefn DNA**
Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu? Allir hafa sitt sérstaka svefn DNA, engir tveir eru eins.

3 **Fjaðrirnar**
Fjaðrirnar eru stilltar eftir þínu svefn DNA.

4 **Komdu til okkar**
Komdu og við finnum þit svefn DNA.



Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10-18 & laug: 11-15

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

LÍNU-SKAUTAR

GTS 200
Stærðir: 34-38
Hjól: 64mm
Legur: UrethaneAbec 1
Stækkanlegur
3.995

Sensor xt
Stærðir: 32,5-39
Hjól: 72mm
Legur: LabedaAbec 5
4.995

MTX 360
Stærðir: 34-36,5
Hjól: 70mm
Legur: UrethaneAbec 3
Stækkanlegur
5.995

Europa
Stærðir: 38-43
Hjól: 76mm
Legur: LabedaAbec 3
6.995

RTX 770
Stærðir: 40-46,5
Hjól: 76mm
Legur: LabedaAbec 5
8.995

Victor
Stærðir: 38-43
Hjól: 84mm
Legur: LabedaAbec 7
11.995

Corr ATA-700
Freestyle skauti
Stærðir: 38-46
Hjól: 56 mm Labeda
Legur: ABEC 3
12.995

Externo Fury
Street hockey skauti
Stærðir: 38-46
Hjól: 80 mm Labeda Dynasty
Legur: ABEC 7
Frá **13.495**

Tour Red Max
Street hockey skauti
Stærðir: 39-46
Hjól: 56 mm Labeda Vapor
Legur: BEVO ABEC-3
26.995

Hné og olnbogahlífar

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSONULEG ÞJÓUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Trúum því að við getum orðið meistarar

Hinn sigursæli þjálfari Vals, Willum Þór Þórsson, segir mikinn metnað ríkja á Hlíðarenda og þar á bæ hugsi menn stórt þessa dagana. Þjálfarinn hefur mikla trú á því liði sem hann hefur í höndunum.

FÓTBOLTI Frammistaða karlaliðs Vals í vetur hefur vakið verðskuldaða athygli enda hefur liðið unnið öll þau þrjú mót sem það hefur tekið þátt í. Valur hefur ekki unnið marga titla í karlaboltanum síðustu ár og því vekur árangur liðsins mikla athygli og menn eru þegar farnir að spá því góðu gengi í Landsbankadeildinni í sumar.

Það eru kannski ekki óraunhæfar spár því félagið hefur sankað að sér sterkum leikmönnum í vetur og við stjórnvölinn er nú einhver sigursælasti þjálfari landsins, Willum Þór Þórsson, sem vann tvo Íslandsmeistaritla með KR.

Hann fékk ekki að halda starfi sínu áfram í Vesturbænum og erkifjendurnir hinum megin við lækinn voru fljótir til og tryggðu sér þjónustu þessa kraftmikla þjálfara sem iðulega lætur mikið til sín taka á hliðarlínunni.

Mikill hugur í Valmönnum

„Við erum ekki búnir að setja okkur markmið fyrir sumarið en það er mikill hugur í Valmönnum og leikmenn eru mjög hungraðir í að standa sig í deild þeirra bestu,“ sagði Willum Þór en stjórn Vals

LIÐUR VEL Í VAL Willum Þór Þórsson segist ekki hafa þurft að hugsa sig tvisvar um þegar Valur felaðist eftir starfskröftum hans. Willum hefur mikla trú á hópnum sem hann hefur undir höndum hjá Val og trúir því að Valur geti farið alla leið í sumar. FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN



gaf það út fljótlega eftir að úrvælsdeildarsætið var tryggt að félagið ætlaði sér ekki að vera í botnbaráttu næsta sumar. Stefnan væri að koma Val aftur í hóp þeirra bestu og það strax. Sá metnaður hefur endurspeglast í kaupum á sterkum leikmönnum og síðan í þjálfaranum sigursæla.

Eðlilegt að vilja ná árangri

„Það er eðlilegt markmið að vilja ná árangri. Svo er spurning hvernig gengur að ná þeim árangri,“ sagði Willum en er hann búinn að spá í það hvað sé eðlilegt

hann trú á því að þetta Valsliði geti farið alla leið í sumar? „Já, við trúum því. Það eru líka 10% líkur á því þegar mótið er flautað á. Metnaðurinn, hungrið og mannskapurinn er til staðar. Ég ætla samt ekki að lýsa því yfir að við verðum Íslandsmeistarar. Það hef ég aldrei gert og slíkar yfirlýsingar skila engu.“

Willum hefur ekki farið leynt með það í gegnum tíðina að hann er ákaflega metnaðarfullur þjálfari og í ljósi þess hlýtur hann að setja stefnuna hátt á sínum nýja vinnustað.

„Ég get fullyrt að við erum ekki að fara í næsta leik til að tapa honum,“ sagði Willum en hefur

hann trú á því að þetta Valsliði geti farið alla leið í sumar? „Já, við trúum því. Það eru líka 10% líkur á því þegar mótið er flautað á. Metnaðurinn, hungrið og mannskapurinn er til staðar. Ég ætla samt ekki að lýsa því yfir að við verðum Íslandsmeistarar. Það hef ég aldrei gert og slíkar yfirlýsingar skila engu.“

Sérstaklega góður andi

Þrátt fyrir gott gengi í vetur segist Willum ekki hafa fundið fyrir því að menn á Hlíðarenda séu farnir að byggja skýjagörir.

Þótt mikið sé af nýjum mönnum í hópnum hefur Willum gengið vel að þúsli liðinu saman.

„Þetta hefur allt gengið mjög vel og þessi hópur er alltaf að hristast betur og betur saman. Það er sérstaklega góður andi í þessum hópi. Það var fyrir í liðinu ákveðinn kjarni og svo er búið að blanda við þann kjarna reynslumiklum og félagslega sterkum einstaklingum. Þetta eru metnaðarfullir einstaklingar sem hafa sett sér háleit markmið og við erum að hrista saman mjög þéttan hóp,“ sagði Willum.

Ekki erfitt að fara í Val

Það vekur alltaf athygli þegar leikmenn og þjálfarar fara á milli Vals og KR. Þegar tilkynnt var um ráðningu Willums hjá Val skiptust stuðningsmenn félagsins í tvennt – þeir sem fögnuðu komu hans til félagsins og þeir sem vildu ekki sjá „einhvern KR-ing“ stýra liðinu. Það liggur því beinast við að spyrja hver sé helsti munurinn á að starfa fyrir þessi tvö félög.

„Það er ekkert svo ólíkt enda eru bæði félög með mjög sterka og ríka hefð. Þau eru einnig bæði byggð upp af fólki sem hefur mikinn metnað,“ sagði Willum en hvernig var það fyrir harðan uppallinn KR-ing að ganga til liðs við Val?

„Það var ekki erfitt. Mér fannst þetta vera spennandi tækifæri og þurfti ekki að hugsa mig tvisvar um þegar kallið kom. Ég er Valsari í dag en ég er líka KR-ingur. Maður afneitar ekki upprunanum og það mun ég aldrei gera,“ sagði Willum Þór, sem biður spennur eftir því að leiða sína menn til leiks gegn KR í Frostaskjólínu í sumar.

henry@frettabladid.is

Sportlegar sumargjafir

Tilboð

aukabuxur að andvirði 2900.- fylgja hverjum galla

5900.-

hummel

Polyester ípróttagalli stærðir: 116-176cm

Tilboð

Manchester United þjálfunarsettið

áður 5980.- nú 3990.-

Plastbolti, boltapumpa, vatnsbrúsi, keilur og bakpoki

1990.-

Adidas Markmannshanskar

1495.-

Nike Körfubolti

1990.-

Adidas Fótbolti stærðir 4 og 5

1990.-

Adidas Legghlífar

3990.-

Adidas (Provider) Fótoltaskór gras og gervigras stærðir: 28-38^{1/2}

hummel

adidas

NIKE

Fjölspórt ehf.

Fjarðargötu 13-15
220 Hafnarfirði
s: 565 2592
www.fjolsport.is

Sendum í póströfu um land allt

ÚR SPORTINU

Juventus og AC Milan höfðu sæta-skípti á toppi ítölsku A-deildarinnar í knattspyrnu í gær þegar síðarnefnda liðið tapaði óvænt fyrir Siena, 2-1, á meðan Juventus valtaði yfir Lecce, 5-2. Sænski landsliðsmaðurinn Zlatan Ibrahimovic var óstöðvandi fyrir Juventus í leiknum og skoraði þrennu. AC Milan er nú þremur stigum á eftir Juventus þegar sjö umferðir eru eftir af leiktíðinni.

Friðisþróttakonan Silja Úlfarsdóttir hafnaði í þriðja sæti í 200 metra hlaupi á móti í Suður-Karólínu um helgina. Silja hljóp á 24,27 sekúndum og kom í mark tæpum tveimur sekúndum á eftir bandarísku landsliðskonunni LaTasha Colander sem varð í fyrsta sæti á 22,52 sekúndum. Silja lenti hins vegar í fyrsta sæti ásamt boðhlaupssveit skóla síns í 400 metra boðhlaupinu.

Petr Cech, markvörður Chelsea, greindi frá því um helgina að litlu hefði munað að hann gengi til liðs við Arsenal fyrir fjórum árum síðan. Þá var hann til mála hjá Sparta Prag en það var eingöngu vegna þess að Cech fékk ekki atvinnuleyfi sem að kaupin gengu ekki í gegn. „Ég var ekki nema 19 ára og var ekki í landsliðinu. Ég hefði þurft að vera búinn að leika 75% landsleika síðustu tveggja ára til að fá leyfið. Þetta var mikið áfall fyrir mig á þessum tíma,“ sagði Cech sem þess í stað fór til Rennes í Frakklandi. „Eftir á að hyggja þá held ég að ég hafi ekki verið tilbúinn fyrir Arsenal. En ég sé ekki eftir neinu. Ef ég hefði farið til Arsenal væri ég ekki hjá Chelsea í dag. Nú spila ég í frábæru liði og spila aðeins stóra leiki. Ég get ekki beðið um meira,“ segir Cech.



Fæst án
lyfseðils

Við vöðva-
og liðverkjum



Voltaren Emulgel®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g

TILBOÐSFELGUR ÓTRÚLEGT VERÐ!
Felgur undir flestar tegundir bifreiða

Verð/stgr.
13" 6.995,-
14" 10.995,-
15" 12.995,-
16" 15.995,-
17" frá 15.995,-
Mikið úrval

GVS
Gúmmívinnustofan hf.
Réttarhálsi 2. Sími 587 5588

stráka og stelpu
Continental
langema

bolir
aðeins kr. **1495**

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opíð kl. 10-18 - Laugardaga 11-15

STUÐ MILLI STRÍÐA · Fölsun af verstu gerð

SMÁRI JÓSEFSSON HITTI ÞJÓÐVERJA Í SKÓLABÚNINGI



klæddur í breskan í skólabúning, eitt hvað sem sést ekki á hverjum degi.

Hann sagðist vera á ferð og flugi um heiminn að eltast við ástralska hljómsveit, AC/DC, sem var í miklu uppáhaldi hjá

pilti. Hann bætti því við að hann ætti nokkra skólabúninga til skiptanna og klæddist þeim iðulega þegar hljómsveitin væri á tónleikaferðalagi, gítarleikaranum Angus Young til heiðurs.

Aðspurður hvort að fólk veitti honum ekki mikla athygli sagðist hann sleppa merkilega mikið við allt svoleiðis áreiti. „Ég lenti að vísu í undarlegri uppákomu fyrir tónleika hljómsveitarinnar í Los Angeles í Bandaríkjunum fyrr í sumar,“ sagði hinn þýski. „Þá ákváðum ég og félagi minn að fara á Hard Rock Cafe og fá okkur eilítið í gogginn.“

Þjóðverjinn sagðist ekki hafa setið lengi inn á Hard Rock þeg-

ar starfsmaður nokkur vatt sér að kappanum og sagðist vera frá sér numinn af aðdáun á gítarleik hans.

„En ég er ekki sá sem þú heldur, ég er bara aðdáandi frá Þýskalandi á ferðalagi með hljómsveitinni,“ svaraði okkar maður.

Starfsmaðurinn veitti svarinu enga athygli, fékk piltinn til að stilla sér upp fyrir myndatöku og lét hann árita gítar!

Þeir Íslendingar sem eiga leið fram hjá Hard Rock Cafe í Los Angeles geta því kíkt inn, fengið sér einn sveittan, og séð fölsun af verstu gerð; AC/DC-gítar áritaðan af Þjóðverja ásamt mynd! ■

TILBOÐSDEKK

ÓTRÚLEGT VERÐ!
AÐEINS FYRSTA FLOKKS DEKK · FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
FÓLKSBÍLADEKK · JEPPADEKK

DEKKJAHÓTEL
VIÐ GEYMUM DEKKIN FYRIR ÞIG ALLT ÁRIÐ GEGN VÆGU GJALDI

GÚMMÍVINNUSTOFAN EHF.
RÉTTARHÁLSI 2 · 110 REYKJAVÍK · SÍMI 587 5588
WWW.GVS.IS / WWW.TILBODSDEKK.IS

Vornámskeið hefst 30. apríl
Upplýsingar í síma: 561 5620

Ballettskóli
Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju

Bragðgóðar fjölvítamíntöflur með steinefnum

VitaMineral

Fyrir fullorðna og börn eldri en 11 ára

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



BÓKMENNTIR

Þýðingar eru alls staðar

Um næstu helgi verða Íslensku þýðingarverðlaunin afhent í fyrsta sinn. Fimm þýðingar eru tilnefndar, allar í flokki fagur-bókmennta, en stefnt er að því að þýðingarverðlaunin verði árviss viðburður og flokkunum verði fjölgað þegar fram líða stundir.



GAUTI KRISTMANNSSON Fimm úrvalsþýðingar hafa verið tilnefndar til Íslensku þýðingarverðlaunanna, sem verða afhent í fyrsta sinn um næstu helgi.

Það er Bandalag þýðenda og túlka sem stendur að verðlauna-veitingunni, í samvinnu við rithöfundasambandið og dómsmálaráðuneytið.

Verðlaunaafhending verður á Gljúfrasteini þann 23. apríl, á degi bókarinnar, og það verður Ólafur Ragnar Grímsson forseti sem afhendir þau.

„Við báðum sérstaklega um að fá að vera á Gljúfrasteini því það gleymist oft með Halldór Laxness hvað hann var mikilvirkur og merkur þýðandi,“ segir Gauti Kristmannsson, formaður Bandalags þýðenda og túlka, sem var stofnað síðastliðið haust og hefur að markmiði að auka vitund og þekkingu á starfi þýðenda og túlka á öllum sviðum.

Bandalagið er hugsað sem regnhlífarsamtök fyrir alla þýðendur og túlka sem starfa hér á landi, þar á meðal fyrir tákna-málstúlka, dómtúlka og skjalaþýðendur, auk þýðenda fagur-bókmennta og fræðiritana. Ljóst má vera að í þessum samtökum er lítið á þýðingar í mjög víðum

skilningi. „Þýðingar eru miklu stærri hluti af menningarlífinu og þjóðlífinu en maður áttar sig á í fljótu bragði. Hvað er til dæmis Idol í rauninni annað en þýðing á ákveðnu formi?“ spyr hann.

„Jónas Hallgrímsson tók líka sonnettuformið og beygði íslenska tungu undir það. Blaðið sem þú vinnur á er líka að vissu leyti þýðing á hugmynd sem kom fram í stórborgum Evrópu.“

Bækurnar, sem voru tilnefndar, eru Örlögleysi eftir Imre Kertész í þýðingu Hjálta Kristgeirssonar, Vernon G. Little eftir DBC Pierre í þýðingu Árna Óskarssonar, Fjárhættuspilarinn eftir Fjodor Dostojevskí í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur, Snjórinna á Kilimanjaro og fleiri sögur eftir Ernest Hemingway í þýðingu Sigurðar A. Magnússonar og Lágmynd eftir Tadeusz Rozewicz í þýðingu Geirlaugs Magnússonar. ■

Breska geimveldið

[MYNDASÖGUR]

UMFJÖLLUN

Þetta byrjaði allt sumarið 1945 í Þýskalandi. Nasistar eru nýbúnir að tapa stríðinu og bandamenn keppast nú innbyrðis um að komast yfir helstu leyndarmál þriðja ríkisins. Það mikilvægasta sem Hitler lét vísindamenn sína flokka upp er að sjálf-sögu eldflaugatækni og geim-rannsóknir.

Nú, en það eru ekki Ameríkanar eða Rússar sem hafa upp á þessum græjum fyrstir, heldur Bretar. Í þessari vísindaskáldsögu eftir Íslandsvininn Warren Ellis er sem sagt sagt frá því hvernig breska heimsveldið heldur lífi og reism með hjálp stolinnar tækni frá nasistum.

Skömmu eftir stríð er hið konunglega geimráðuneyti stofnað. Árið 1946 er fyrstu eldflauginni skotið á loft. 1950 fer fyrsti maðurinn út í geim. Minna en áratug síðar lenda

Bretar fyrstir manna á tunglinu. Og svo framvegis. Svo virðist sem Ellis sjái fyrir sér töluvert meiri dugnað hjá löndum sínum en hjá bandarískum geimförum í okkar veruleika. En er líður á bókina kemur í ljós að þetta er ekki bara einhver þjóðreimvelgja. Hér er nefnilega á ferðinni óhugnanleg lýsing á Thacherisma í sinni verstu og valdamestu mynd.

Hvernig það lýsir sér í bókinni get ég ekki sagt frekar frá án þess að skemma lesturinn fyrir öðrum.

Peir sem hafa lesið Transmetropolitan og Planetary vita að Warren Ellis kann að skrifa vísindaskáldskap með félagslegum skilaboðum. Þessi bók á ekki eftir að valda þeim vonbrigðum. Auk þess er Chris Weston stórkostlegur teiknari. Hönnun hans á geimförum Breta er einstaklega sannfærandi, þ.e.a.s. miðað við þær geimflaugar sem maður sér vanalega í myndasögum.

Hugleikur Dagsson



MINISTRY OF SPACE

HÖFUNDIR: WARREN ELLIS
TEIKNARI: CHRIS WESTON.

Niðurstaða: Peir sem hafa lesið Transmetropolitan og Planetary vita að Warren Ellis kann að skrifa vísindaskáldskap með félagslegum skilaboðum. Þessi bók á ekki eftir að valda þeim vonbrigðum.

www.hlutverk.is

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frumskýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**

Ath. Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan | v/Ingólfstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík | Sími: 511 6400

Miðvikudagur 20. apríl Aðalæfing klukkan 18.00 - **uppsett**
Fimmtudagur 21. apríl FRUMSKÝNING kl. 14.00 - **uppsett**
- Sumardagurinn fyrsti

Laugardagur	23. apríl	2. sýning	kl. 14.00	örfá sæti
Sunnudagur	24. apríl	3. sýning	kl. 14.00	örfá sæti
Sunnudagur	1. maí	4. sýning	kl. 17.00	
Sunnudagur	1. maí	5. sýning	kl. 14.00	
Fimmtudagur	5. maí	6. sýning	kl. 14.00	
- Uppstigningardagur				
Laugardagur	8. maí	7. sýning	kl. 14.00	
Sunnudagur	9. maí	8. sýning	kl. 14.00	

MÍÐASALAN ER HAFIN
á www.borgarleikhus.is og í síma 568 8000

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

Sveppi er **KALLI** Á ÞAKINU
Eftir Astrid Lindgren

GRJÓTHARÐIR FYNDIR OG RUDDALEGIR!

Stóra sviðið kl. 20.00
EDITH PÍAF - Sigurður Pálsson
Lau. 23/4 **uppsett**, lau. 30/4 **uppsett**, lau. 7/5 **uppsett**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

KLAUFAR OG KONGSDÆTUR - /Evinýtraheimur H.C. Andersen, Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
